

Iðjubjálfinn

Fagblað iðjubjálfra



Meðal efnis:

- ✓ Starfsemi og þróun hjálpartækjamiðstöðvar TR
- ✓ Notandi spyr notanda – nýtt atvinnutækifæri geðsjúkra
- ✓ Tölvumiðstöð fatlaðra
- ✓ Þrýstisár eiga ekki að sjást
- ✓ Fræðsludagur um rafskutlur í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins

Efnisyfirlit

Formannspistill	4
Starfsemi og þróun	
hjálpertækjamiðstöðvar TR	5
A. Karlsson – við þjónustum þig	7
Austurbakki sterkur á hjálpertækjasviðinu	9
Hlutverk iðjupjálfa hjálpertækjamiðstöðvar	
Tryggingastofnunar ríkisins	10
Notandi spyr notanda –	
nýtt atvinnutækifæri geðsjúkra	12
Hvers vegna eru hjálpertæki boðin út? ...	16
Eirberg – Þjónusta fyrir þig	17
Hjálpertæki og mikilvægi þeirra fyrir	
endsurhæfingu aldraðra	18
Tölvumiðstöð fatlaðra	19
Þrýstisár eiga ekki að sjást	21
Fræðsludagur um rafskutlur í þjónustu-	
miðstöð Sjálfsbjargarheimilisins	23
Norrænt samstarf um hönnun matstækis	
til að meta áhrif hjálpertækja	27
Samráð og samvinna	28
Ágrip úr B.Sc. verkefnum útskriftarnema	
í iðjupjálfun frá Háskólanum á	
Akureyri 2005	30
Ágrip úr B.Sc. verkefnum iðjupjálfa í	
sérskipulögðu námi frá Háskólanum	
á Akureyri 2005	32

Stjórn IPÍ

Lilja Ingvarsson, formaður
Kristjana Milla Snorrardóttir
Birgit Schov, gjaldkeri
Sigrún Ásmundsdóttir
Sigurbjörg Hannesdóttir
Fanny Karlsdóttir, varamaður
Rósa Hauksdóttir, varamaður

Umsjónarmaður félagskrár

Þjónustuskrifstofa SIGL

Ritnefnd

Ása Lind Þorgeirsdóttir
Jónína Sigurðardóttir
Kristbjörg Rán Valgarðsdóttir
Svanborg Guðmundsdóttir
(ritnefnd.ii@sigl.is)

Ritstjóri

Jónína Sigurðardóttir

Prentvinnsla

Prentsmiðjan Svansprent ehf

Forsíðumynd

Valgarður Stefánsson

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta texta og færa til betri vegar. Vitna má í texta blaðsins ef heimildar er getið.

Ritstjórnarspjall

Kæru lesendur.

Að þessu sinni kemur Iðjupjálfinn út að vorlagi og mun svo verða áfram.

Þema blaðsins í ár er hjálpertæki en flestir iðjupjálfar hafa með þau að gera í starfi á einn eða annan hátt. Óvenju mikið er af B.Sc. ágripum þar sem nú, til viðbótar við hina hefðbundnu útskriftarnema frá Háskólanum á Akureyri, er hluti iðjupjálfa í sérskipulögðu B.Sc. námi að ljúka námi þaðan.

Í fyrsta skipti verður hægt að nálgast blaðið á tölvutæku formi en það verður sett inn á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Erfitt hefur reynst að undanförmu að safna efni í blaðið og viljum við beina því til félagsmanna að ef engum faggreinum er skilað inn er ekki þörf á að halda úti fagblaði.

Þema næsta blaðs verður tileinkað 30 ára afmæli Iðjupjálfafélagsins.

Mikið hefur gerst að undanförmu sem hefur áhrif á fagið, nýr kjarasamningur við ríkið var undirritaður nýlega og einróma samþykktur innan félagsins. Hinsvegar líður að samningum félagsins við sveitarfélögin en þar er víða pottur brotinn.

Á síðasta aðalfundi var kjörin ný stjórn sem og nýr formaður. Viljum við þakka fráfarandi stjórn og formanni vel unnin störf og bjóða nýja liðsmenn hjartanlega velkomna. Þá viljum við óska félaginu sérstaklega til hamingju með nýkjörinn formann Lilju Ingvarsson sem hefur víðtæka reynslu af stjórnun bæði innan og utan félagsins og er þekkt fyrir fagmennsku og metnað í starfi.

Að lokum viljum við þakka fráfarandi fulltrúum hinna ýmsu nefnda innan félagsins vel unnin störf.

*Gleðilegt sumar,
ritstjórn 2005*

Reglubundinn sparnaður veitir þér öryggi til að mæta óvæntum útgjöldum og frelsi til að grípa skemmtileg tækifæri. Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000.


Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



„Mamma sagði alltaf að flóuð
mjólk væri það besta fyrir svefninn.
Reglubundinn sparnaður virkar
jafnvel betur.“



Formannspistill



Lilja Ingvarsson
formaður

Ágætu félagar.

Nú er runnið upp nýtt stjórnarár Iðjupjálfafélags Íslands með mörgum spennandi verkefnum og tækifærum. Stjórnin er samsett af reyndum stjórnarmönnum og nýliðum, ungum iðjupjálfum og iðjupjálfum með langa starfsreynslu en allt er þetta fólk sem er tilbúið og fullhuga að vinna félaginu og faginu um leið af heilum hug. Nú á vormánuðum erum við að stilla saman strengi okkar, skoða hvaða verkefni liggja fyrir og forgangsraða þeim, jafnframt því að sinna þeim daglegu verkum sem þarf.

Eitt af stóru verkefnum fagstéttafélags er gerð kjarasamninga. Lokið er gerð miðlægs samnings við ríkið og hefur hann verið samþykktur af iðjupjálfum sem starfa hjá ríkinu með fyrirvara um samþykki fjármálaráðherra. En þá er einungis hálf sagan sögð því eftir er að gera samninga við sveitafélög, séreignastofnanir auk stofnanasamninga. Það er því mikil vinna framundan hjá kjaranefnd og mun stjórnin styðja hana og fylgjast með gangi mála.

Eins og áður sagði er stjórnin að forgangsraða stærri verkefnum sem liggja fyrir. Þar má nefna að auka við upplýsingar á heimasíðu félagsins og nýta þá möguleika sem þessi tækni býður upp á, kynna og efla

félagið meðal iðjupjálfa sem starfa á Íslandi og nema í iðjupjálfun, undirbúa 30 ára afmæli Iðjupjálfafélags Íslands, vinna með fræðslunefnd að stærri námskeiðum og efla vitund landsmanna um iðjupjálfun og þau tækifæri sem ónotuð eru í nýtingu á þjónustu þeirra.

Iðjupjálfafélag Íslands hefur vaxið mjög ört síðan byrjað var að útskrifa iðjupjálfa frá Háskólanum á Akureyri eða úr um 100 félagsmönnum 2001, í um 150 árið 2005, eða um 50% á aðeins 4 árum og enn bætast við nýir félagar við útskrift nú í vor. Þessi vöxtur hefur skilað sér í fjölbreyttari vinnustöðum iðjupjálfa og fleiri starfa á landsbyggðinni en áður. Þetta er ánægjuleg þróun en ekki síður spennandi þar sem búast má við að stöðugt fleiri iðjupjálfar hasli sér völl á sviðum þar sem ekki hafa starfað iðjupjálfar áður. Tækifærin liggja víða svo það ríður á að opna augun fyrir þeim og grípa þau.

Það er von mín að ég geti leitt félagið okkar inn í nýjan áratug, fertugsaldurinn, farsællega, en það er ekki verk eins manns heldur verðum við öll að taka höndum saman og standa vörð um fagið okkar og félag svo það megi blómstra um ókomna tíð.

Lilja Ingvarsson formaður




PÓSTURINN
allur pakkinn

Við erum þar sem þú ert

www.postur.is

Starfsemi og þróun hjálpartækjamiðstöðvar TR



Björk Pálsdóttir
iðjupjálfi,
forstöðumaður
hjalpartækjamið-
stöðvar TR

Starfsemi hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar (HTM) hefur verið í stöðugri þróun frá upphafi. Vöxt hennar má rekja til þarfa fyrir hjálpartæki svo og örra breytinga í heilbrigðisþjónustu, tækninýjunga og vaxandi áherslu á búsetu fatlaðra og aldraðra í heimahúsum. HTM hefur verið undir forystu iðjupjálfa frá upphafi.

Lykilorð: hjálpartækjamiðstöð TR, iðjupjálfar, hjálpartæki, þróun

Iðjupjálfi hefur starfað hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR) frá upphafi starfsemi hjálpartækjamiðstöðvar TR (HTM). TR leitaði á sínum tíma til iðjupjálfa til að byggja upp starfsemi HTM og bauð undirritaðri starfið frá og með apríl 1986. Áhersla var lögð á að hafa til hliðsjónar starfsemi hjálpartækjamálaflokksins annars staðar á Norðurlöndum en taka mið af íslenskum aðstæðum, lögum og reglum. Þetta var spennandi og ögrandi starf að takast á við og jafnframt einstakt tækifæri þar sem þurfti frumkvæði og áráðni. Með góðu starfsliði, skilningi og hvatningu ráðamanna hefur tekist að ná góðum árangri með starfsemi miðstöðvarinnar, sambærilegum við það besta sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Hér vísa ég meðal annars til niðurstöðu skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun hjálpartækjamiðstöðvarinnar frá október 2001.

Hjálpartækjamiðstöð TR var stofnuð formlega 1. janúar 1988 með fastráðningu forstöðumanns og tveggja starfsmanna í kjölfarið, en starfsemin hafði áður verið sem tilraunaverkefni frá 1986. Meginástæða þess að HTM var komið á fót var ört vaxandi kostnaður TR vegna hjálpartækja. Fyrirmynd af starfseminni var sótt til sambærilegra stöðva annars staðar á Norðurlöndunum, sérstaklega í Danmörku og Svíþjóð en starfsemin í Noregi var í mikilli uppbyggingu og breytingum á þessum fyrstu árum. Frá 1990 hefur HTM aðallega sótt fyrirmyndir til þessara þriggja landa. Meginmarkmið hjálpartækjamiðstöðvar í byrjun var að efla þjónustu varðandi tæknileg hjálpartæki sérstaklega hvað varðar ráðgjöf og viðgerðarþjónustu svo

Með góðu starfsliði, skilningi og hvatningu ráðamanna hefur tekist að ná góðum árangri með starfsemi miðstöðvarinnar, sambærilegum við það besta sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

og að stuðla að lækkun kostnaðar með endurnýtingu hjálpartækja. HTM hefur vaxið frá því að vera að sinna eingöngu tæknilegum hjálpartækjum yfir í að sjá um allan hjálpartækjamálaflokk TR sem nær til einnota hjálpartækja, stöð- og meðferðarhjalpartækja auk tæknilegra hjálpartækja.

Helstu markmið HTM eru að:

- ákvarða og greiða rétt hjálpartæki á réttum tíma til þeirra sem eiga rétt á þeim samkvæmt lögum og reglugerðum
- gæta fyllstu hagkvæmni við meðferð þeirra opinberu fjármuna sem miðstöðinni er falið að ráðstafa
- Starfsemi HTM tekur til hjálpartækja samkvæmt lögum um almannatryggingar og reglugerðum þar að lútandi, reksturs HTM og annarra verkefna sem styðja meginstarfsemi HTM. Verkefni hjálpartækjamiðstöðvar:
 - stefnumótun og mótun starfsreglna
 - fræðsla og upplýsingamiðlun
 - innlent og erlent samstarf, m.a. þróunarvinna
 - ráðgjöf
 - afgreiðsla umsókna, úthlutun og afhending hjálpartækja svo og greiðsla reikninga vegna hjálpartækja
 - endurnýting hjálpartækja
 - viðhaldsþjónusta, séraðlögun og sérsmiði
 - útboð, samningar, verðeftirlit og verðkannanir
 - úttekt á bifreiðum vegna niðurfellingar á vörugjaldi

Frá upphafi hefur vöxtur HTM verið mikill og starfsemin orðið viðameiri ár frá ári. Fjármagn til málaflokksins hefur jafnframt aukist verulega. Í dag eru starfsmenn HTM 28 í um 25

Gildi færni og einstaklingsmiðaðrar nálgunar þar sem tekið er tillit til heildaraðstæðna einstaklingsins og umhverfis hans hefur verið og er ríkjandi í allri stefnumótun starfseminnar.


stöðugildum. Hjá HTM starfa nú átta iðjupjálfar, þar af er einn forstöðumaður, þrír sjúkrapjálfarar, ellefu tryggingafulltrúar, fimm tæknimenn, þar af einn rafeindafræðingur og tveir vélfræðingar, og einn viðskiptafræðingur. Frá 1999 er HTM deild innan sjúkratryggingasviðs TR, en meginsvið TR eru þrjú, sjúkratryggingasvið, lífeyristryggingasvið og fjármála- og rekstrarsvið. HTM er staðsett í Kópavogi í um 1500 fm húsnæði og veitir þjónustu fyrir allt landið.

Samkvæmt reglugerð um hjálpartæki þá eru það þeir sem eru sjúkratryggðir og búa í heimahúsum sem eiga rétt á hjálpartækjum frá TR og því er skjólstaðingahópur HTM þeir sem þurfa á hjálpartækjum að halda til lengri tíma og búa heima.

Við uppbyggingu HTM og mótun reglna um hjálpartæki hefur reynt á viðtæka stefnumörkun. Tekið er mið af megináherslum endurhæfingarinnar þ.e. teymisvinnu og virka þátttöku notenda hjálpartækja í verkferlinu svo og hefur hugmyndafræði og gildi iðjupjálfunar verið höfð að leiðarljósi. Gildi færni og einstaklingsmiðaðrar nálgunar þar sem tekið er tillit til heildaraðstæðna einstaklingsins og umhverfis hans hefur verið og er ríkjandi í allri stefnumótun starfseminnar. Endurspeglar núverandi reglugerð um hjálpartæki m.a. þessa sýn að miklu leyti.

Heilbrigðisþjónustan hefur tekið miklum breytingum á sl. 10 árum og vaxandi áhersla er á búsetu fatlaðra og aldraðra í heimahúsum. TR hefur reynt að fylgja þessari þróun eftir með því að mæta breyttum þörfum notenda. Auknar kröfur til HTM og miklar og sífelldar tækninýjungar kalla á aukna þekkingu og leit að lausnum til að mæta þessum breyttu þörfum. Það hefur haft í för með sér stöðugar breytingar og þróun starfseminnar. Vöxtur HTM og mikil aukning umsókna hefur haft þau áhrif að starfsemi HTM hefur á köflum einkennst af því að hafa rétt

Hverjir sækja um á árinu 2004



Mynd 1 – Hlutfallsleg skipting á hverjir sækja um hjálpartæki til TR.

undan að fylgja eftir þessari miklu aukningu. Þetta hefur haft áhrif á þróun HTM á ákveðnum sviðum s.s. fræðslustarfsemi og þróunarvinnu sem tengist meðal annars þjónustu við

taka í norrænum samstarfs- og þróunarverkefnum hefur sífellt verið liður í starfseminni. Þétt tenglanet er við systurstofnanir hinna norrænu landanna og norrænar stofnanir á sviði hjálpartækja og málefna fatlaðra.

Í blaðinu eru nokkrar greinar sem lýsa mismundandi verkefnum og hlutverkum starfsmanna hjá HTM. Það má segja að störf iðjupjálfa og sjúkrapjálfa hjá HTM séu fjölbreytt og að mörgu leyti óhefðbundin miðað við störf þessara fagstétta hér á landi. Samstarfsstofnanir annars staðar á Norðurlöndunum hafa á að skipa iðjupjálfum í miklu meira mæli en hér er sem sinna álíka störfum.

Með viðtækri starfssemi HTM m.a. við ráðgjöf, fræðslu, afgreiðslu hjálpartækjaumsókna, þátttöku í þróunarvinnu á ýmsum sviðum hjálpartækja, viðgerðir og sérsníðni safnast breið og einnig sérhæfð þekking á sviði hjálpartækja sem iðjupjálfar, sjúkrapjálfarar og aðrir starfsmenn nýta til hagsbóta fyrir viðskiptavinum miðstöðvarinnar. Með þessari þekkingu og samstarfi við fjölmarga aðila s.s. notendur, notendafélög, fagaðila, seljendur, framleiðendur, mennta- og heilbrigðisstofnanir og systurstofnanir annars staðar á Norðurlöndunum, þá nýtist þekkingin til framdráttar fyrir málaflokkinn með það að markmiði að það skili sér í betri hjálpartækjum og betri þjónustu. HTM hefur í vaxandi mæli boðið upp á fræðslu um hjálpartæki og bætt upp-

Það má segja að störf iðjupjálfa og sjúkrapjálfa hjá HTM séu fjölbreytt og að mörgu leyti óhefðbundin miðað við störf þessara fagstétta hér á landi.

landsbyggðina. Þessu til skýringar má sjá í töflu hvað umsóknum hefur fjölgað gífurlega svo og fjármagn til málaflokksins á síðustu árum.

Í 200 umsókna slembiúrtaki 2004 kemur í ljós að umsóknir koma að stærstum hluta frá notendunum sjálfum, aðstandendum þeirra og læknum og því næst frá iðjupjálfum og sjúkrapjálfum. Á mynd 1 má sjá hlutfallslega skiptingu á hverjir sækja um hjálpartæki til TR á árinu 2004.

Norræn samvinna hefur verið hluti af starfsemi HTM frá upphafi og þátt-

	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi umsókna	16.198	19.728	23.926	24.228	26.199	27.603
Milljónir kr.	740	820	972	1.180	1.414	1.446

Tafla 1 – Fjöldi umsókna um hjálpartæki og útgjöld TR til málaflokksins.

lýsingarmiðlun um hjálpartæki og þjónustu sína á heimasíðu TR. Nú er stefnan að leggja áherslu á að bæta þjónustuna við landsbyggðina. Jafnframt stefnir TR að því að almenningur fái rafrænan aðgang að eigin upplýsingum um bætur, þar með talin hjálpartæki. Þannig er stefnt að virkari þátttöku almennings í eigin málum. Stefnt er að því að gera kannanir og rannsóknir í auknum mæli með það m.a. að markmiði að fylgjast betur með, meta þarfir og breyttar forsendur í samfélaginu til að geta gert betur og mætt sífellt breyttum og auknum kröfum til hjálpartækja. Með þetta í huga hefur HTM nýlega lokið þýðingu matstækisins Quest 2 sem er kanadískt matstæki til að meta ánægju notenda með hjálpartæki og tilheyrandi þjónustu. Einnig tekur HTM nú þátt í þróun nýs norræns matstækis sem hefur fengið nafnið NAME (sjá kynningu á The NAME aftar í blaðinu), til að

kanna notagildi og áhrif hjálpartækja. Með þátttöku í þróunarverkefnum hafa gefist skemmtileg og gagnleg tækifæri til öflunar nýrrar þekkingar og nýsköpunar.

Ljóst er að með áframhaldandi tækniþróun, þróun heilbrigðisþjónustunnar, vaxandi ævilíkum og auknu hlutfalli aldraðra mun þróun hjálpartækjamálaflokksins enn halda áfram að aukast.



**GIGTARFÉLAG
ÍSLANDS**

Ármúla 5 • 108 Reykjavík • Sími: 553 0760



A.Karlsson, við þjónustum þig...

A.Karlsson er leiðandi fyrirtæki í vörum og þjónustu fyrir iðjupjálfa. Flest vörumerkin sem A.Karlsson hefur umboð fyrir eru traust og góð merki sem hafa sannað sig í mörg ár á íslenska markaðnum og eru þekkt fyrir góða endingu og mjög lága bilunartíðni. Vöruúrvalið er breitt og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða litla notkun á smærri stöðum eða stöðuga notkun allan daginn.

Með tilkomu hjólastóla- og hjálpartækjaumboðana Sunrise, R82, Vela og Gewa má segja að A.Karlsson hafi náð að mynda betri heild í vöruúrvali sínu fyrir iðjupjálfa.

Frá Sunrise býður fyrirtækið upp á allar tegundir hjólastóla fyrir börn og fullorðna og einnig mikið úrval af bað- og salernishjálpartækjum. Hvort sem um er að ræða fastramma- eða krossramma hjólasstóla, flutningsstóla eða hægindastóla. Það sem einkennir stólana frá Sunrise er miklir stillimöguleikar, gríðarleg ending og mikið úrval aukahluta. Til að fullkomna úrvalið frá Sunrise þá eru þeir einnig með hin frá-

bæru Jay bak- og setkerfi. Jay kerfin eru einstök að því leyti að olía er notuð í setkerfin ásamt vel löguðu undirlagi úr frauði. Með því móti næst fram hámarks sáravörn og setstaða, allt eftir hvað hentar hverjum og einum. Sessur og bók eins og J2 og J2 Deep Contour er orðið vel þekkt hér á landi og hafa fyrir löngu sannað notagildi sitt.

R82 er fyrirtæki sem sérhæfir sig í barnavörum. Þeir hafa mjög öflugan þróunardeild og því mikið af nýjum vörum sem koma á markaðinn frá þeim. Til að gera vöruna meira aðlaðandi fyrir börnin þá nota þeir dýraheiti yfir þær og hafa bjarta og glaðlega liti. Þeir hafa eina gerð af barnahæginda-stól sem heitir Panther, vinnustól á hækkanlegu undirstelli sem heitir Panda, baklægar göngugrindur sem heita Crocodile og Gator, standramma í mörgum útgáfum og gerðum, göngu-hjálpartæki, bað- og salernisstólinn Flamingo, Cheetah hjólastólinn og svo mætti lengi telja. Með þessu góða úrvali er hægt að aðlagja hjálpartækin að notandanum.

Vinnustólarnir frá Vela eru landsþekktir og eru nánast á öllum vinnustöðum fyrir hreyfihamlaða. Hentar hvort heldur sem er við vinnu í eldhúsi eða við langar setur. Með rafmagnshækkuninni er hægt að ná upp í efri skápa án þess að þurfa að standa upp.

Nýjasta afurðin frá Vela er inni/úti rafmagnsstóllinn Vela Swing. Þessi stóll er einstaklega lipur og þægilegur og hentar því vel í litlar íbúðir og þar sem pláss er lítið. Þar sem hægt er að skipta frá afturdrifi yfir í framdrif á stólnum þá er þarna um að ræða einnig öflugan útistól á stórum og grófum framhjólum. Vela býður einnig upp á mikið úrval af kollum og standstólum með venjulegri sessu eða hnakkssessu.

A.Karlsson er þjónustufyrirtæki sem leggur mikið uppúr þjónustu við viðskiptavininn. Það á einnig við um þjónustu eftir að vara hefur verið keypt. Í fyrirtækinu er tæknideild þar sem um 10 manns starfa og hafa þeir allir hlotið þjálfun í viðhaldi og þjónustu á þeim vörum sem A.Karlsson selur.



Hjólastólar fyrir alla aldurshópa

A. Karlsson býður upp á fjölbreytt vöruúrval eins og hjólastóla, göngugrindur, rafskutlur, hjúkrunarrúm, fólkslyftara, vinnustóla, kolla, bað- og salemishjálpartæki. Hafðu samband og við þjónustum þig.


A. KARLSSON
SÍÐAN 1975

Austurbakki sterkur á hjálpertækjasviðinu

Aundanförunum mánuðum hefur Heilbrigðisvöru- og tæknideild Austurbakka efld mjög stöðu sína í sölu og þjónustu á hjálpertækjum. Fyrirtækið hefur sett ný tæki á markað sem þegar hafa skipað sér sess á markaðnum og farin skila notendum sínum auknum lífsgæðum.

Nýverið var Joost van Erven löggiltur sjúkráþjálfari ráðinn til starfa til að hafa faglega umsjón með hjálpertækja- og endurhæfingasviði fyrirtækisins. Að auki koma að þessum málum deildarinnar 4 tæknimenn á heilbrigðis-tæknisviði og 3 hjúkrunarfræðingar með mikla faglega reynslu á hjúkrunar- og heilbrigðisvöru-sviði.

Fyrir um ári síðan gerði Austurbakki umboðssamninga við Handicare í Noregi, Medema / MiniCROSSER í Danmörku og Life-

Stand í Frakklandi um dreifingu á þeirra framleiðslu á Íslandi.

Handicare er einn af stærstu framleiðendum hjólastóla fyrir börn og fullorðna á norðurlöndunum sem eru þegar komnir í samning við Tryggingastofnun ríkisins. Mini CROSSER framleiðir rafskutlur sem hjálpertæki og rafmagnshjólastóla sem náð hafa yfir 60% markaðshlutdeild í Noregi. Fyrstu tækin hafa verið afhent sínum notendum hér á landi og með afar jákvæðum viðbrögðum. LifeStand framleiðir standhjólastóla m.a. úr léttmálmi sem eiga eftir að vekja bæði athygli og eftirspurn hér á landi.

Að auki selur Austurbakki ýmis önnur hjálpræki s.s. sjúkraböð, sjúkralyftur, göngu-hjálpertæki og ýmislegt annað sem auðveldar einstaklingum daglegt líf og eykur þeirra lífsgæði.


**Austurbakki**

Nýtt á Íslandi rafskutlur og rafmagnshjólastólar frá **Mini Crosser**



Í Mini Crosser fara saman tækni, hönnun og ergonomí.

Skutlur sem mæta þörfum einstaklinga.

**Mini Crosser**

**Austurbakki hf, Köllunarklettssvegi 2, sími: 563 4000**

Hlutverk iðjubjálfa hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar ríkisins

Sigríður Pétursdóttir og Vala Steinunn Guðmundsdóttir, iðjubjálfar hjálpartækjamiðstöð TR.

Í þessari grein verður komið inn á helstu starfssvið iðjubjálfa í hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins í breiðum skilningi.

Samkvæmt 27. og 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 á Tryggingastofnun (TR) að sjá um úthlutun á hjálpartækjum. Iðjubjálfar í hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar (HTM) sjá um þessa afgreiðslu ásamt öðru starfsfólki. Reglugerðir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis nr. 460/2003 um styrki TR vegna hjálpartækja og nr. 752/2002 um styrki og uppbætur TR til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða setja ramma um úthlutun hjálpartækja.

Í afgreiðsluferlinu er mikilvægt að vera í góðum samskiptum við umsækjendur (notendur, ættingja, þjálfara og/eða annað fagfólk) til að koma sem best til móts við þarfir notandans. Samstarfsaðilar iðjubjálfa HTM er mjög fjölbreyttur hópur. Það getur verið notandinn sjálfur eða hinir ýmsu aðilar í umhverfi hans.

Iðjubjálfar HTM sinna ráðgjöf og veita upplýsingar vegna hjálpartækja. Þegar veitt er ráðgjöf til notenda eða fagfólks er mikilvægt að hafa þarfir notandans og umhverfis hans í huga við val á hjálpartæki. Hér á landi hafa notendur misjafnt aðgengi að fagfólki til aðstoðar við val á hjálpartækjum og hafa iðjubjálfar HTM brúað ákveðið bil. Á síðari árum hafa iðjubjálfar hafið störf í heilsugæslunni og hjá heimahjúkrun í Reykjavík sem sinna heimilisathugunum sem oft komu í hlut iðjubjálfa HTM áður. Á landsbyggðinni er mikil aukning á iðjubjálfum í kjölfar námsbrautar á Akureyri og verða iðjubjálfar HTM varir við að fleiri notendur fá víðtækari þjónustu sem sést í aukningu á umsóknum um hjálpartæki. Þrátt fyrir aukinn fjölda iðjubjálfa er enn stór hópur fólks sem hefur ekki beinan aðgang að þjálfurum til aðstoðar við ráðgjöf, mat og val á hjálpartækjum. Þessir einstaklingar geta leitað til iðjubjálfa HTM.

Einn þeirra þátta sem er afar mikilvægur við umsókn og úthlutun hjálpartækja er eftirfylgd sem á að tryggja að tækið sé að nýtast sem skildi. Þarfir notandans breytast mis mikið og er nauðsynlegt að möguleiki sé fyrir hendi til að fylgja honum eftir. Fram til dagsins í dag hefur þessu ekki verið sinnt sem skildi. Ýmsar ástæður liggja þar að baki s.s. tímaskortur, fjármagnskortur eða skortur á mannafla innan heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í 4. kafla 8. gr. reglugerðar nr. 460/2003 kemur fram að sá heilbrigðisstarfsmaður sem sækir um hjálpartæki beri ábyrgð á að hjálpartækið nýtist sem best með t.d. viðeigandi eftirfylgd og endurhæfingu.

Mikil tækniþróun hefur orðið á síðari árum innan hjálpartækjamálaflokksins sem krefst meiri sérþekkingar og tækniþekkingar á hjálpartækjum. Iðjubjálfar HTM afla sér upplýsinga og þekkingar innan hjálpartækjamálaflokksins aðalega með því að fara á námskeið og sýningar. Einnig taka þeir á móti ábendingum og upplýsingum frá notendum, aðstandendum þeirra, fagfólki, hagsmunafélögum og söluáðilum til að geta miðlað áfram til

annarra.

Við val og aðlögun á sértækum hjálpartækjum hafa þjálfarar möguleika á að fá iðjubjálfa HTM með inn í málið frá byrjun til ráðgjafar og leiðbeininga. Í síauknu mæli taka iðjubjálfar HTM þátt í teymisvinnu þegar þörf notandans fyrir hjálpartæki breytist ört vegna fötlunar hans. Þetta er gert til þess að koma sem best til móts við þarfir notandans þegar þörfin er til staðar.

Fræðslustarf á vegum HTM hefur aukist á síðari árum. Hluti fræðslustarfsins hefur verið í formi kynninga á nýjum samningum og fræðsla á starfsemi HTM fyrir fagfólk, stofnanir og hin ýmsu hagsmunasamtök. Einnig hafa iðjubjálfar HTM verið með fyrirlestra og fræðslu fyrir notendur og fagfólk um hjálpartæki. Sem dæmi má nefna að í febrúar/mars 2005 hafa tveir iðjubjálfar HTM verið með námskeið sem kallast „Setkerfi sem setstöðulausn“.

Iðjubjálfar HTM sinna ráðgjöf og veita upplýsingar vegna hjálpartækja. Þegar veitt er ráðgjöf til notenda eða fagfólks er mikilvægt að hafa þarfir notandans og umhverfis hans í huga við val á hjálpartæki.

Í gegnum árin hefur HTM verið í samstarfi við sambærilegar stofnanir á hinum norðurlöndunum. Þetta samstarf fer meðal annars fram með þátttöku í norrænum þróunarverkefnum. Til dæmis eru þrír iðjuþjálfar HTM tengdir samnorrænum verkefnum eins og er. Einnig hefur HTM verið samstarfsaðili að tveimur norrænum ráðstefnum, Sit-symposium, ráðstefna um setlausnir (www.sitsite.net) og Nat-C, ráðstefna um hjálpartæki (www.nat-c.org).

Forstöðumaður HTM á sæti í norrænni nefnd ásamt forstöðumönnum sambærilegra hjálpartækjastofnanna á hinum norðurlöndunum. Má þar nefna NUH – Nordiskt utvecklingscenter för handikaphjälpmedel (Norræn þróunarmiðstöð hjálpartækja).

Framtíðarstefna HTM er að geta mætt breytilegum þörfum þjóðfélagsins innan þess ramma sem er settur með reglugerðum ásamt því að hafa áhrif á mögulegar breytingar á reglugerðunum þar sem starfsfólk HTM eru talsmenn skjólstæðinganna innan kerfisins.



Heilbrigðisstofnunin Akranesi



HJARTAVERND



Droplaugastaðir

Leiðrétting

Ritnefnd vill biðja Guðrúnu Pálmaðóttur lektor, við Háskólann á Akureyri, innilegrar afsökunar á þeim mistökum sem áttu sér stað í síðasta blaði. Þar var birt rannsóknargrein eftir hana undir rangri fyrirsögn. Rétt fyrirsögn er "Að gagnreyna eigin störf og stétt" en ekki "Að gagnrýna eigin störf og stétt".

Með vinsemd og virðingu,
Ritnefnd Iðjuþjálfans

Plastiðjan Bjarg

Allianz



Viltu njóta öryggis í framtíðinni?

Allianz er öruggur viðbótarlífeyrissparnaður!

Magnús Axelsson ráðgjafi
sími: 862-4468
netfang: max@allianz.is

Notandi spyr notanda – nýtt atvinnutækifæri geðsjúkra



Harpa Ýr
Erlendsdóttir



Valdís Brá
Þorsteinsdóttir,
útskriftarnemendur
í iðjupjálfun frá
Háskólanum á
Akureyri vorið
2005.

Sumarið 2004 hlutu Harpa Ýr Erlendsdóttir og Valdís Brá Þorsteinsdóttir, nemendur á fjórða ári í iðjupjálfun, styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og mótframlag frá Heilbrigðisráðuneytinu til að vinna að verkefni sem ber heitið Notandi spyr notanda- nýtt atvinnutækifæri geðsjúkra. Verkefnið var unnið í samstarfi við Hugarafl og var markmiðið að afla upplýsinga um gæði þjónustunnar sem veitt er á geðdeildum Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Hugarafl er samstarfshópur einstaklinga með geðraskanir og iðjupjálfa Anna Auðar Axelsdóttur og Elínar Ebbu Ásmundsdóttur en þær voru jafnframt leiðbeinendur verkefnisins.

Sumarið 2004 hófst þetta svokallað ævintýri okkar iðjupjálfanemanna. Í byrjun maí varð þetta allt að veruleika þegar í ljós kom að við höfðum hlotið styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og einnig mótframlag frá Heilbrigðisráðuneytinu sem gerði okkur nemunum kleift að starfa í fullu starfi við verkefnið um sumarið. Samstarfið við Hugarafl hófst fyrsta júní og var okkur tekið opnum örmum frá fyrsta degi. Hugaraflsmeðlimir voru mjög spennt yfir þessu verkefni sem veitti þeim tækifæri á að taka þátt í nýsköpun og fá hlutverk sem gæðaeftirlitsmenn.

Á þessum tímapiðki höfðum við ekki hugmynd um hvað við vorum búnar að koma okkur í, höfðum hvorugar unnið með geðsjúkum og hvað þá stýrt heilum hóp geðsjúklinga. En við fórum suður til Reykjavíkur með opnum hug og vorum spenntar yfir því að byrja þetta ævintýri.

Hugmyndin að verkefninu er fengin frá notendahóp í Þrændarlögum í Noregi sem hefur framkvæmt gæðaeftirlit frá árinu 1998 með góðum árangri. Verkefnið var styrkt um 41 milljón á þremur árum frá félags- og heilbrigðisráðuneyti Noregs en þess má geta að Þrændarlög er svipað að stærð og stór Reykjavíkursvæðið.

Við höfðum þrjá mánuði til að vinna verkefnið en þessu tímabili var skipt í þrennt: undirbúningur, gagnaöflun og gagnagreining. Nauðsynlegt var því að skipuleggja hverja viku vel sem skapaði okkur ramma til að vinna út frá. Áður en verkefnið var framkvæmt þurfti að kanna hvaða leyfi þyrfti. Haft var samband við

sviðsstjóra geðdeilda LSH, Siðanefnd Landspítala Háskólasjúkrahúss, Vísindasiðanefnd auk deildarstjóra þeirra deilda sem myndu taka þátt í verkefninu. Hugarafl fundaði með sviðstjórum sem tóku verkefninu með opnum hug og gáfu leyfi sitt en einnig var fundað með þeim deildarstjórum LSH sem tóku þátt. Mikill áhugi var hjá öllum aðilum sem komu að verkefninu. Af fimm deildum sem komu til greina voru þrjár deildir fyrir valinu eftir atkvæðagreiðslu sem 24 einstaklingar tóku þátt í. Á undirbúningstímabilinu var farið í gegnum viðtalstækni og hópæfingar í mismunandi viðtalshlutverkum þar sem hópurinn hafði ákveðið að mikilvægt væri að hver og einn hefði hlutverk

Markmið okkar nemanna var að hafa gaman að þessu og því reyndum við að setja verkefnið upp á jákvæðan hátt í anda hópeflis.

þegar viðtölin færu fram. Hlutverkin voru spyrjandi, ritari og áheyrandafulltrúi og reyndu misjafnlega mikið á hvern og einn. Þarna fengum við tækifæri til að prófa okkur áfram og tengja þá hugmyndafræði og verklag sem við höfðum lært í námi í iðjupjálfun. Markmið okkar nemanna var að hafa gaman að þessu og því reyndum við að setja verkefnið upp á jákvæðan hátt í anda hópeflis. Hópurinn kynntist vel innbyrðis í gegnum æfingar og hópefli t.d. væntingum, áhugamálum, styrkleikum og hindrunum hvors annars. Æfingar og verkefni miðuðust að því byggja upp traust, þjálfun í samskiptum og að geta stýrt hóp sem var mikilvægt áður en gagnaöflun hófst. Áður en viðtölin á geðdeildunum fóru fram, voru haldnir kynningarfundir með deildarstjórum og lykilstarfsmönnum til að kynna verkefnið, skoða viðtalsherbergi og undirbúa hópinn. Þessi tími var mjög skemmtilegur þar sem miklu var komið í verk og ótrúlega gaman að sjá hvað áhuginn og úthaldið jókst hjá hópnum þar sem meðlimir Hugarafls tóku virkan þátt í öllu því sem fram fór. Jafnframt því að upplifa skemmtilegan tíma var þetta ekki síður erfiður tími fyrir okkur nemana sem vorum að feta okkar fyrstu spor í vinnu á jafningjagrundvelli með geðsjúkum. Þessi nálgun og vinnan við verk-

efnið var alls ekki auðveld þar sem það var bæði ögrandi og krefjandi fyrir okkur nemana. Jafnvægið milli þess að vera stjórnandi verkefnisins og þátttakandi var oft erfitt að finna. Einnig var mikil tímapressa á okkur öllum allan tíman við að framfylgja þeirri áætlun sem hver hluti verkefnisins hafði og einnig þurftum við að standa í skilum til Nýsköpunarsjóðs með framvinduskýrslur fyrir hvert tímabil. Með þessari vinnu og mikla undirbúningi var því hópurinn orðinn tilbúin til að takast á við næsta skref sem var gagnaöflunin.

Gagnaöflunin stóð yfir í fjórar vikur eða frá 28 júní til 23 júlí 2004. Vegna takmörkunar á tíma var ákveðið að taka aðeins út þrjár geðdeildir að þessu sinni en þess má geta að við kynningu á verkefninu voru fimm deildir sem höfðu áhuga á að taka þátt. Mynduð voru þrjú vinnuteymi frá Hugarafl í hvert þeirra sá um eina deild. Þannig var hægt að passa upp á að innan hvers teymis væru einstaklingar með mismunandi styrkleika sem sinntu þeim viðtalshlutverkum sem til þurfti hverju sinni. Viðtölin voru í heildina 16 og fóru fram virka daga ýmist fyrir eða eftir hádegi sem fór eftir deildum og stóðu yfir í einn til einn og hálfan klukkutíma í senn. Til að undirbúa viðtölin frekar var hringt á deildarnar áður en farið var af stað til að boða komu okkar og kanna hve margir voru búnir að skrá sig. Þannig gat hópurinn undirbúið sig enn betur með hlutverk og fjölda því ákveðið var að meðlimir Hugarafls yrðu aldrei fleiri en þeir notendur sem sóttu viðtölin. Einungis voru notendur viðstaddir í viðtölunum og engir fagaðilar. Hugarafi sem í þessu tilfelli voru fyrrverandi notendur tóku viðtöl við inniliggjandi sjúklinga. Með þessum hætti sköpuðust umræður á jafningjagrundvelli sem hefðu líklega verið allt öðruvísi ef einhverjir fagaðilar hefðu verið viðstaddir. Stuðst var við aðferðafræði eigindlegra rannsóknna í viðtölunum en þau fóru fram í rýnihópum þar sem ákveðnar spurningar voru hafðar að leiðarljósi en tilgangurinn var að finna út hvað notendum fannst um þjónustuna á deildinni og umræðan sem kom í kjölfarið varð að ákveðnu þema sem unnið var út frá. Í viðtölunum var lagt upp með að fá fram huglæga upplifun notendanna. Meðlimir Hugarafls þurftu að

Vinnan við verkefnið hefur því haft margföldunaráhrif þar sem ávinningur hefur skapast á mörgum sviðum.

gæta þess að vera ekki með fyrirfram ákveðnar skoðanir um hvað ætti að taka upp heldur var umræðan opin og frjálsleg. Einnig var leyttast eftir að skapa rólegt og notalegt umhverfi þannig að fólki liði vel og boðið var upp á kaffi, vatn og djús. Þátttaka notenda var ekki bundin við sérstaka sjúkdómsgreiningu eða ástand heldur höfðu allir þeir sem sýndu áhuga á að sækja viðtölin rétt til þátttöku í verkefninu. Þar sem verkefni þetta var forkönnun en ekki rannsókn höfðum við ekki leyfi til þess að taka upp viðtölin og þurftu því einn til tveir ritara að skrá niður allar upplýsingar sem fram komu. Þegar viðtölunum lauk var haldið í Drápuhlíðina þar sem Hugarafi hefur aðsetur til þess að vinna úr gögnunum. Ritara lásu upp það sem þeir náðu að skrifa niður og áheyrendafulltrúar og spyrjendur bættu við ef eitthvað vantaði upp á. Með þessum hætti náðist að fanga þær upplýsingar sem fram komu í hverju viðtali fyrir sig.

Síðasti mánuðurinn fór í að vinna úr þessum gögnum sem Hugarafi hafði aflað í viðtölunum. Þar sem lagt var upp með að fanga ákveðin þemu í viðtölunum voru gögnin greind í þau þemu sem oftast komu fram.

Þau voru:

- Lyf og lyfjameðferð
- Aðbúnaður á deild
- Tímstundaiðja
- Heimsóknir
- Starfsfólk
- Hreyfing/Líkamsrækt
- Meðferðarúrræði
- Upplýsingaflæði
- Þátttaka í ákvörðunum
- Dagstatus
- Eftirfylgni

Þegar búið var að taka saman þessi þemu sem voru í heildina ellefu var ákveðið að notast við Svót-greiningu til að greina gögnin ennfrekar þar sem hún þótti við hæfi vegna einfaldleika í notkun og þarfnáðist ekki sérþekkingar til að framkvæma hana. Svót-greining er nokkurskonar rammi til að

greina eða koma auga á innri styrk og veikleika ásamt ógnunum og tækifærum. Þegar búið var að taka saman allar upplýsingar voru helstu niðurstöður teknar saman í notendabækling og einnig var Svót-greiningin send deildarstjórum hvernar deildar sem gæðaeftirlitið var framkvæmt á. Notendabæklingnum var dreift á þær deildir sem gæðaeftirlitið fór fram til þess að sýna notendum sem tóku þátt hvernig upplýsingarnar voru notaðar sem komu frá þeim. Þessi bæklingur var einnig settur á heimasíðu Hugarafls hugarafl.is og er hægt að nálgast hjá þeim. Það var svo í höndum okkar nemanna að taka saman alla vinnu sumarsins í skýrslu sem við þurftum að skila inn til Nýsköpunarsjóðs námsmanna en þess má geta að hægt er að nálgast skýrsluna á bókasafni Háskólans á Akureyri.

Á blaðamannafundi sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 15. október síðastliðinn var verkefnið kynnt og helstu niðurstöður þess. Skýrslan sem við nemarnir tókum saman eftir vinnu sumarsins var afhent sviðsstjórum geðdeilda LSH, Heilbrigðisráðherra, félagsmálaráðherra og fulltrúa landlæknis. Í kjölfarið af þessum fundi lagði Eydis Sveinbjarnardóttir, sviðsstjóri geðssviðs, til að komið yrði á fót vinnuhóp frá Hugarafl og gæðaráði LSH sem myndi vinna að því að nýta samantekt verkefnisins með því að útbúa framkvæmdaráætlun um aukin gæði þjónustunnar sem veitt er á geðdeildunum. Þessi vinna er nú þegar hafin þar sem tveir fulltrúar Hugarafls vinna nú markvisst ásamt gæðaráði geðdeilda LSH að þessari vinnu. Spennandi verður því að fylgjast með hvernig geðsjúkir hafa í fyrsta skipti á Íslandi haft áhrif á gæði þjónustunnar með þessum hætti þegar gæðaráðið hefur lokið vinnu sinni.

Þess má geta að skýrslan sem við nemarnir skiluðum af okkur til Nýsköpunarsjóðs námsmanna þótti afburðavel unnin og var eitt af fjórum verkefnum sem hlaut tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands nú nýverið.

Vinnan við verkefnið hefur því haft margföldunaráhrif þar sem ávinningur hefur skapast á mörgum sviðum. Þar má fyrst og fremst nefna þjóðfélagslegan ávinning með því að efla hlutverk geðsjúkra til að hafa áhrif á geðheil-

brigðisþjónustuna og myndast hefur gagnvirk samband á jafningjagrundvelli milli notenda og heilbrigðisstarfsmanna. Einnig má nefna ávinning fyrir okkur nemana þar sem við höfum fengið tækifæri til að nýta þá þekkingu sem við höfum aflað okkur í námi í iðjuþjálfun og reynslu í að vinna með geðsjúkum á jafningjagrundvelli.

Þátttaka í verkefninu „Notandi spyr notanda“ hafði ekki einungis áhrif á sjúklinga sem fengu tækifæri til að hafa áhrif á þjónustuna og nefndu einnig að meðlimir Hugarafis væru fyrirmynd þeirra og fannst styrkleiki að sjá aðra notendur í bata sem veitti þeim von um eigin bata. Einnig hafði þátttakan í verkefninu jákvæð áhrif á þá einstaklinga í Hugarafli sem unnu hörðum höndum til að það gæti orðið að veruleika en komið verður inn á upplifun þeirra í lokin. Hver og einn lagði persónulegan metnað í að framkvæma alla þætti verkefnisins sem varðaði undirbúning, gagnaöflun og gagnagreiningu.

Forsendur sem lagt var upp með við gerð þessa verkefnis var að kanna hvort meðlimir Hugarafis væru færir um að sinna gæðaeftirliti með aðstoð iðjuþjálfanema og fagaðila innan heilbrigðisstétta. Hugarafli stóðst þær kröfur sem gerðar voru til þeirra varðandi alla þætti við framkvæmd verkefnisins og eru þeir hæfir til að vinna að gæðaeftirliti geðheilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni. Við vonum svo sannarlega að áframhald verði á þessari vinnu Hugarafis, ekki einungis á þjónustu við geðsjúka heldur einnig við þá sem þurfa að nýta sér heilbrigðisþjónustu almennt.

Meðlimir Hugarafis voru beðnir um að skrifa niður hver fyrir sig upplifanir sínar á því að taka þátt í verkefninu „Notandi spyr notanda“ til að veita svörin á hvers konar áhrif þátttaka í gæðaeftirlitinu hafði haft á þá persónulega. Öll voru þau sammála um að verkefnið hafði verið ögrandi og erfitt en jafnframt mjög skemmtilegt. Það sem eftir stóð var reynsla sem mörg þeirra óraði ekki fyrir að þau ættu eftir að upplifa.

Verkefnið Notandi spyr notanda - nýtt atvinnutækifæri geðsjúkra reyndi á að við iðjuþjálfanemarnir nýttum alla þá þekkingu sem við höfðum aflað okkur í námi og það gerðum við eftir bestu getu með því að deila henni með Hugarafli.

Þessi vinna skilur því eftir sig ómetanlega reynslu og þekkingu sem við nemarnir munum koma til með að nýta okkur og hefur mótad okkur sem fagmenn framtíðarinnar.

Harpa Ýr Erlendsdóttir og Valdís Brá Þorsteinsdóttir (2004). Notandi spyr notanda – nýtt atvinnutækifæri geðsjúkra: Gæðaeftirlit á geðdeildum LSH. Óbirt skýrsla, Reykjavík: Nýsköpunarsjóður námsmanna.



HTS ehf er nýlegt fyrirtæki en byggir á gömlum og traustum grunni. Á árinu 2001 var Stoð hf, sem stofnað var 1982, skipt í þrjú fyrirtæki, STS hf styrkur og stoð, HTS ehf hjálpartæki - stoð og Stoð ehf stoðtækjasmíði.

STS er móðurfyrirtækið sem sinnir allri þróunarvinnu sem og stjórnun og eignaumsýslu. Stoð sinnir fjölbreyttri stoðtækjapjónustu og smíði ásamt sjúkraskósmíði. Nú nýverið hefur Stoðtækni í Kringlunni bæst við starfsemi Stoðar sem eykur enn fjölbreytni þjónustunnar.

HTS sinnir sölu á miklu úrvali af tilbúnum stoð- og hjálpartækjum auk innflutnings á hráefni til stoðtækjasmíði.

Þessi fyrirtæki starfa öll að Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði, í hentugu húsnæði með góðu aðgengi, að auki starfsemi Stoðar - Stoðtækni í Kringlunni. Fyrirtækin eru hvert með sitt sérsvið en njóta kostanna af nálægðinni og samvinnunni.

HTS tekur þátt í útboðum Tryggingastofnunar ríkisins á hjálpartækjum og tilbúnum stoðtækjum. Núna er HTS með samninga um sölu á hjólastólum og gönguþjálpartækjum, það og salernishjálpartækjum, sjúkrarúmum og fólkslyftum, ásamt tilbúnum spelkum í spelkusamningnum. Í þessum samningum er HTS með fjölbreyttar og góðar vörur sem henta mismunandi hópum notenda. HTS er með góða ráðgjöf varðandi tækin, val á þeim og möguleikum til útfærslu sem hentar best notandanum. Einnig erum við með sýningartæki af algengustu gerðunum sem hægt er að fá lánuð til mátunar.

Fyrir utan samningsvörur er mikið úrval af stoð og hjálpartækjum. Má þar nefna rafmagnshjólástóla og ýmsan búnað tengdan þeim s.s. tjáskiptabúnað, vinnustóla í ýmsum útfærslum og flutningstæki til að létta aðstoðarfólki vinnu sína. Við bjóðum gott úrval af ADL smáhjálpartækjum bæði hér á lager og eins sem hægt er að panta. Mjúkvörur, eins og hárkollur, gervibrjóst og brjóstahaldarar eru jafnan til á lager í fjölbreyttu úrvali og einnig sjúkrasokkar og ermar í mismunandi stífleikum, stærðum og gerðum, bæði staðlaðar stærðir og sér-
saumað.

Hjá HTS starfa fimm manns. Nýjasti starfsmaðurinn er Steinunn Jóhannsdóttir iðjuþjálfari sem til að byrja með mun aðallega verða við störf á morgnana. Styrkir það þann góða hóp sem fyrir er að fá iðjuþjálfara til starfa.

Við bjóðum fagfólk velkomið að skoða aðstöðuna og tækin. Látið vita af ykkur í síma 565 2885 og við tökum vel á móti ykkur.

Gíslný Bára Þórðardóttir
proskapjálfi, forstöðumaður HTS.

**Léttari þrif á
umhverfisvænan hátt**



**Alma H. Guðmundsd.
ENJO Ráðgjafi**

**GSM 664 6451
almah@is.enjo.net**

Við hlökkum til að hitta þig!

KRISTINA: kristina@stod.is

GÍSLNÝ BÁRA: bara@stod.is

BORGÞÓR: borgthor@stod.is

Við eigum heima að Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði. Þar finnur þú m.a. nýja og fullkomna hjólastóla, göngugrindur, sjúkrarúm og hjálpartæki af ýmsum gerðum. **Komdu hingað í Fjörðinn og skoðaðu úrvalið í nýja húsnæðinu okkar.**



Trönuhrauni 8 • Sími 565 2885 • stod@stod.is



www.stod.is

Hvers vegna eru hjálpartæki boðin út?



Inga Jónsdóttir
iðjupjálfi hjálpar-
tækjamiðstöð TR

Útboð á hjálpartækjum byggir á útboðsstefnu ríkissins frá 1993, þar sem segir að útboðum skuli jafnan beitt við innkaup ríkissins. Þetta var m.a. gert til að efla samkeppni og til að fleiri seljendur gætu komið vörum sínum á framfæri. Skýrar reglur voru settar um hvernig opinberum innkaupum skyldi hagað til að tryggja samræmi í vinnubrögðum og jafnræði milli seljenda. Nánari útfærslu er að finna í Lögum um framkvæmd útboða Nr. 65/1993 og Lögum um opinber innkaup Nr. 94/2001. Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu bættist við Reglugerð um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu. Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar (TR) ber að fara eftir þessum lögum.

Þrátt fyrir að reynt sé að hafa mismunandi þarfir einstaklinga í huga í vörukaupum þá er aldrei hægt að tryggja að hugsað sé fyrir öllu.

TR hóf útboð á hjálpartækjum árið 1994 í samvinnu við Ríkiskaup skv. útboðsstefnu ríkissins. Fyrst voru boðin út spelkur og gervilimir og í kjölfarið fylgdi útboð á hjólastólum og gönguhjálpartækjum. Í dag eru vöruflokkarnir sem boðnir eru út orðnir um 20 talsins, tæknileg hjálpartæki, stoðtæki og einnota vörur sem samsvara um helmingi útgjalda TR til hjálpartækja. Samningar sem gerðir eru í kjölfar útboða eru frá tveggja til fjögurra ára í senn.

Gagnstætt því er margir kynnu að telja, þá eru útboð ekki aðeins til að spara fé, um er að ræða ýmsan annan ávinning eins og hagræðingu í umsýslu og það að varan verður aðgengilegri fyrir notendur. Við útboð eru settar fram kröfur um að tækin uppfylli ákveðna tækni- og gæðastaðla sem tryggja öryggi og heilsuvernd. Það hefur sýnt sig að útboðin efla samkeppnina því verð á hjálpartækjum hefur lækkað. Þjóðendur vanda betur til innkaupa, t.d. með því að

forðast að kaupa vörur gegnum marga milliliði. Einnig er greinilegt að samkeppnin örvar þjóðendur til að leita fanga víðar og að auka vöruúrval. Hvort tveggja til hagsbóta fyrir notendur.

Hjálpartæki sem valin eru til kaups úr útboðnum vörum eru valin samkvæmt ákveðnum vinnureglum. Umsjón með útboðum er í höndum iðjupjálfa. Auk þess koma nokkrir starfmenn hjálpartækjamiðstöðvar og utanaðkomandi ráðgjafar sérfræðinga að hverju útboði. Ráðgjafahópin skipa iðjupjálfi og sjúkrapjálfa með víðtæka reynslu á sviði hjálpartækja og fulltrúi frá samtökum notenda. Einungis eru valdar vörur er uppfylla gefnar kröfur og staðla. Því næst eru eiginleikar varanna metnir, flokkaðir og sambærilegar vörur bornar saman með tilliti til verðs. Við val á

vörum er þess einnig gætt að úrval sé gott og mæti mismunandi þörfum notenda. Þrátt fyrir að reynt sé að hafa mismunandi þarfir einstaklinga í huga í vörukaupum þá er aldrei hægt að tryggja að hugsað sé fyrir öllu. Þess vegna er ákvæði í samningum um að leyfilegt sé að kaupa tæki utan samnings allt að 5%, til að koma til móts við sérþarfir.

Það er reynsla Hjálpartækjamiðstöðvarinnar að útboð hafa stuðlað að lægara vöruverði og auknu vöruúrvali. Einnig er betur tryggt að varan sé áfánleg, hægt sé að skoða hana og prófa. Upplýsingar um hjálpartæki sem boðin eru út eru aðgengileg í vöruлистum sem Hjálpartækjamiðstöð gefur út, sem og einnig á vefsíðu TR, undir slóðinni [http:// www.tr.is](http://www.tr.is).

Heimildir

Ríkiskaup og Fjármálaráðuneytið (1996). Útboð og innkaup ríkissins, stefna, lög og reglur.

STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLADRA
ÆFINGASTÖÐ SLF - REYKJADÁLUR



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS





Eirberg

- Þjónusta fyrir þig



Eirberg ehf. er innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að veita sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, fagfólki og einstaklingum ráðgjöf og leiðbeiningar. Fyrirtækið er með verslun að Stórhöfða 25, sem er opin virka daga kl. 9-18. Sérfræðiráðgjöf og þjónusta er veitt þar fyrir m.a. notendur hjálpartækja, þvagleggjanotendur, stomaþega og konur sem hafa misst brjóst og einstaklinga sem hafa þörf fyrir þrýstingssokka og ermar.

Eirberg selur ýmskonar hjálpartæki til að auðvelda athafnir daglegs lífs og auðvelda ummönnun. Hægt er að fá ráðgjöf við val á hjálpartækjum hjá iðjubjálfa,

þroskabjálfa eða hjúkrunarfræðingi. Eirberg leggur áherslu á að bjóða vandaðar vörur frá traustum framleiðendum og er með rammasamninga við heilbrigðisstofnanir og Tryggingastofnun ríkisins um hjúkrunarvörur, sjúkrarúm, hjólastóla, göngu- og baðhjálpartæki.

Meðal þeirra vörutegunda sem Eirberg selur eru: rafskutlur, hjólastólar, sessur, barnakerrur, þríhjól fyrir fatlaða, göngu-grindur, rúm, rúmdýnukerfi, loftfest lyftukerfi, lyftarar, vinnuborð, vinnustólar, lyftibúnaður í eldhús, bað- og sturtustólar, rafknúin baðker og fleira. Mörg af þessum hjálpartækjum eru hönnuð með vinnuvernd í huga og geta því borgað sig upp á skömmum tíma.

Forráðamenn heilbrigðisstofnana hafa í auknum mæli gert sér grein fyrir vinnusparnaði og hagræði loftfesta lyftukerfa við ummönun einstaklinga auk þess sem það bætir vinnuáðstöðu og getur stuðlað að bættri líðan notenda. Starfsmenn fyrirtækisins taka á móti faghópum og eru með vörukynningar en einnig heimsækja sölu-fulltrúar vinnustaði og kynna vörurnar þar. Ég hvet alla áhugasama sem vilja kynna sér vörur Eirbergs að skoða heimasíðu okkar www.eirberg.is eða hafa samband við okkur í síma 569 3100.

Jóhanna Ingólfssdóttir

Sölu og markaðsstjóri / iðjubjálfi



Hjálpartæki og mikilvægi þeirra fyrir endurhæfingu aldraðra



Kristín Kristjánsdóttir iðjupjálfi, fageiningarstjóri 5-daga deilda, LSH Landakoti.

Á LSH-Landakoti eru starfræktar tvær 5-daga deildir. Sjúklingar eru þá heima hjá sér um helgar, hjá aðstandendum eða á sjúkrahótelum sem spítalinn starfrækir. Á deildarnar koma aldraðir sem þurfa innlögn úr heimahúsi eða frá öðrum deildum spítalans, vegna fjölþætts heilsufarsvanda, færnitaps eða félagslegs vanda. Þeir þurfa mat, greiningu, hjúkrunar- og læknismeðferð og endurhæfingu eftir að bráðaveikindi hafa verið meðhöndluð á öðrum deildum spítalans. Endurhæfingin tekur mislangan tíma allt frá 4 vikum og upp í 8 vikur og það eru um það bil 360-400 manns á hverju ári sem nýta sér þessa þjónustu.

Endurhæfing iðjupjálfa felst m.a. í því að auka færni sjúklings við eigin umsjá, s.s. að klæðast og snyrta sig. Til þessa notum við hin ýmsu hjálpartæki og veitum ráðgjöf um hvernig á að nota þau. Mikilvægt er að sjúklingar hafi afnot af hjálpartækjunum svo lengi sem þurfa þykir. Þau hjálpartæki sem oftast eru

Nauðsynlegt er að sjúklingar æfi sig í notkun hjálpartækjanna heima um helgar jafnt sem aðra daga til að flýta fyrir bata og draga þannig úr legudögum á spítalanum.

notuð eru sokkaífera, griptöng, salernisupphækkarir, súlur við rúm (til að auðvelda sjúklingi að fara fram úr rúmi og komast upp í rúm) og stöku sinnum handrið við stiga. Einnig öryggishnappur þegar heim er komið til að geta kallað á hjálp ef að eitthvað kemur fyrir.

Það sem hefur hindrað okkar starf og orsakað lengri dvöl á spítalanum eru reglur hjá TR sem kveða svo á um að hjálpartækjum skuli ekki úthlutað fyrr en dagsetning útskriftar er ákveðin annars eigi

stofnunin að greiða kostnaðinn. Nauðsynlegt er að sjúklingar æfi sig í notkun hjálpartækjanna heima um helgar jafnt sem aðra daga til að flýta fyrir bata og draga þannig úr legudögum á spítalanum.

Framhaldsmeðferð fer síðan oft fram á dagdeild L-0, LSH Landakoti þar sem mæting er 2-3 sinnum í viku í 4 klst í senn, í 2-3 mánuði og stundum lengur. Samanlagður endurhæfingartími getur því farið upp í 5 mánuði og stundum lengur.

Bókahornið

**TEKNIK FÖR MÄNNISKOR MED DEMES:
Etisk perspektiv på beslutsfattandet.**

Bókin er frá árinu 2001 skrifuð af Outi Mäki, Päivi Topo, Marjo Rauhala og Marja Jylhä. Bókin er ætluð jafnt fagfólki, aðstandendum, sjúklingum sem og stjórnendum sem koma að notkun tæknilegra tækja með einstaklingum með heilabilun. Fjallað er um siðferðislega álitamál sem að upp koma s.s. varðandi staðsetningar tæki. Hvenær sé hægt að nota tækni og mikilvægi þess að ígrunda vel hvaða lausn henti einstaklingnum og umhverfinu best. Bókin getur auðveldað þeim sem eru að íhuga slíkar lausnir að nota rökleiðslu að lausninni og finna þannig heppilegustu lausnina.



Tölvumiðstöð fatlaðra



Sigrún Jóhannsdóttir
forstöðumaður
Tölvumiðstöðvar
fatlaðra

Tölvumiðstöð fatlaðra veitir ráðgjöf til einstaklinga og hópa varðandi tölvutengdan búnað sem nýtist fólki með mismunandi fatlanir. Námskeið og fræðslufundir eru haldin reglulega, hægt er að fylgjast með hvað er á döfinni á heimasíðunni <http://www.tmf.is> einnig er hægt er að panta tíma fyrir ráðgjöf hjá forstöðumanni, Sigrúnu Jóhannsdóttur, í síma 562 9494 eða með tölvupósti sigrun@tmf.is



Að Tölvumiðstöð fatlaðra standa sex aðildarfélög: Blindrafélagið, Félag heyrnarlausra, Landssamtökin Proska-hjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og Öryrkjabandalag Íslands.


Þjónustu Tölvumiðstöðvar fatlaðra má flokka í fjóra meginþætti:

- 1) *Ráðgjöf sem felur í sér mat á þörf fyrir tölvubúnað*, það felur í sér val á búnaði, prófun og leiðsögn í notkun búnaðar. Ráðgjöfin er einstaklingsmiðuð og er unnin í samvinnu við aðila úr nánasta umhverfi skjólstæðings.
- 2) *Ráðgjöf fyrir hópa* s.s. kennara, iðjupjálfa, þroskaþjálfa, foreldra og fatlaða einstaklinga þar sem fram fer kynning á lausnum og/eða kennsla í að nota ákveðinn búnað og forrit sem nýst getur tilteknum hópi. Sífellt fleiri hópar telja það eðlilegan þátt í starfsemi sinni að leita reglulega til Tölvumiðstöðvar um ráðgjöf.
- 3) *Námskeið og upplýsingamiðlun*. Tölvumiðstöðin leitast við að fylgjast vel með nýjungum í tækni, notkun og aðferðum. Haldin eru námskeið reglulega þar sem upplýsingum er miðlað, leiðbeint og hvatt til notkunar með það að leiðarljósi að búnaður komi að sem bestum notum. Fræðslufundir og námskeið eru vaxandi þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar.
- 4) *Tengslahlutverk, samþætting*. Tölvuvæðing og tölvunotkun hefur stóru áhrif á undanförunum árum. Samráð og upplýsingastreymi milli aðila verður því sífellt mikilvægara. Tölvumiðstöðin leggur áherslu á að aðilar sem tengjast einstökum málum vinni saman að settu marki og að samræming sé

milli aðgerða. Hvatning og leiðsögn varðandi það hvernig búnaður og forrit nýtist einstaklingi sem best þarf að vera stöðugt vakandi ferli.

Hjá Tölvumiðstöð fatlaðra er einn fastur starfsmaður, Sigrún Jóhannsdóttir, forstöðumaður. Hún er með B.A. próf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands og próf í talmeinafræðum frá Kennaraháskólanum í Bergen í Noregi og hefur áralanga reynslu af tölvu- og tæknimálum í þágu fatlaðra.

Nokkur orð um búnað sem til er hjá Tölvumiðstöðinni og hægt er að skoða og prófa. Nánari upplýsingar um búnað er að finna á heimasíðunni <http://www.tmf.is>.



Mynd 1.

Tölvumúsinn er eitt aðal stjórntæki tölvunnar. Það er því mikilvægt að finna mús sem hentar hverjum og einum. Þegar tölva er keypt fylgir henni mús sem oftast er nokkurn veginn eins og músin á mynd 1.



Mynd 2.

Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að nota annars konar mús. Hinni hefðbundnu mús er stjórnað með því að leggja lófann ofan á músina, færa hana til og smella á hnappana. Þetta getur reynst sumum erfitt eða ómögulegt vegna fötlunar. Þá þarf að finna búnað sem hentar betur. Tölvumiðstöð fatlaðra hjálpar til við að finna bestu lausnina fyrir hvern og einn. Sumum finnst betra að nota svo-kallaða kúlumús (sjá mynd 2.), en þær eru til í mörgum stærðum og gerðum. Þá er kúlan hreyfð til með þumalfingri eða vísifingri/löngutöng.



Mynd 3.

Það krefst þó nokkuð mikillar handa- og fingrahyfinga að nota ofangreindar mýs. Fólk sem er með litla hreyfigetu í höndum getur átt í

erfiðleikum með svo mikla hreyfingu. Tölvumiðstöðin hefur keypt inn svo-kallaða músargildru eða Mouse Trapper sem sést hér á mynd 3.


Á henni er 6 x 8 cm stórt rúlluband sem stjórnað er með léttum fingrahreyfingum. Músin sem hneppt er þannig í gildru er virk, en öllum aðgerðum er hægt að stjórna á rúllubandinu sem er fyrir fram-lyklaborðið.



Mynd 4.

Þannig getur fólk valið að nota gildruna eingöngu eða víxla á milli. Önnur lausn er mús sem líkist stýripinna (sjá mynd 4). Þótt músin líkist stýripinna er henni stjórnað eins og venjulegri mús með því að hreyfa hana til á borðinu. Hnapparnir eru ofan á pinnanum. Haldið er utan um pinnann og hnöppunum stjórnað með þumli. Álag á hönd, axlir og fingur er talið minna þegar unnið er í þessari stöðu.

Fyrir hjólastólanotendur sem vanir eru að nota stýripinna til að stjórna stólnum, þá getur verið gott að nota álíka búnað til að stjórna tölvu. Stýripinni sem virkar eins og mús hefur verið notaður hér á landi með góðum árangri.



Mynd 5.

Mynd 5 sýnir nýjustu útgáfuna af Penny & Giles stýripinna sem keyptur er inn frá Englandi. Hægt er að



Mynd 6.

stjórna mús með höndum. Höfuðmúsin SmartNAV (sjá mynd 6) sem íslenska fyrirtækið Saxon selur, er lausn sem hefur nýst þeim sem eiga í miklum erfiðleikum eða geta ekki notað hendurnar t.d. fólki með MND. Lítil depill er festur á enni notandans eða gleraugu einnig fylgir núna derhúfa með deplinum á, móttakari er settur ofan á tölvuskjáinn.

Músabendlinum er síðan stjórnað með höfuðhreyfingu. Svokallaður Dwell Clicking hugbúnaður sem fylgir músinni gerir notanda kleift að framkvæma allar aðgerðir eingöngu með höfuðhreyfingu. Þannig getur notandinn stjórnað músinni eingöngu með höfðinu.

Til að geta skrifað er lyklaborðið fært upp á skjáinn. Íslenskir notendur hafa notað Wivik skjályklaborð (sjá mynd 7).



Mynd 7.

velja um mismunandi hald á pinnann.

Ýmis búnaður er til fyrir þá sem eiga í miklum erfiðleikum með að

Með Wivik fylgir forritið WordQ sem er flýtiórðasafn. Flýtiórðasafnið er góð hjálp fyrir þá sem skrifa mjög hægt vegna hreyfihömlunar. Getur einnig verið góð hjálp fyrir fólk með lesblindu.

Auk vélbúnaðar er til gott úrval af vönduðum barnaforritum hjá miðstöðinni. Námskeið þar sem unnið er í fjölda forrita eru haldin reglulega.

Í mars var haldið í samvinnu við Hrönn Birgisdóttur iðjuþjálfara á Greininger og ráðgjafastöð Ríkisins námskeiðið "Forrit og búnaður fyrir börn og einstaklinga sem eru skammt á veg komin í lestri og stærðfræði". Hægt er að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði á heimasíðunni <http://www.tmf.is>

Allir geta leitað til Tölvumiðstöðvarinnar óháð fötlun og aldri. Þeir sem leita eftir ráðgjöf og fræðslu eru helst fagfólk og foreldrar en einnig fatlaðir á eigin vegum. Fagfólk sem leitar til Tölvumiðstöðvarinnar starfar í mismunandi kerfum eins og kennarar í leik-grunn- og framhaldsskólum, iðjuþjálfar sem starfa með börn eða fullorðna, starfsfólk sambýla og endurhæfingastofnana. Þannig tengist Tölvumiðstöðin nánast öllum þeim kerfum sem fatlaðir lifa og starfa í.

Félagsmenn athugið

Mjög mikilvægt er að réttar upplýsingar séu í félagaskrá Iðjuþjálfafélags Íslands. Verði breytingar á t.d. búsetu, símanúmeri eða vinnustað er mikilvægt að tilkynna það til félagsins. Það má gera með tölvupósti til sigl@bhm.is

Með kveðju,
Stjórn IPÍ

Þrýstisár eiga ekki að sjást



Inga Jónsdóttir
iðjupjálfi hjálpar-
tækjamiðstöð TR

Decubitus er latneska orðið yfir þrýstisár eða öllu heldur legusár, þar sem decubitus er leitt af orðinu decumbere (að liggja). Í daglegu tali er oft talað um legusár þó skv. dönskum heimildum verði aðeins 2/3 sáranna til í liggjandi stöðu (Jørgensen, 2003). Hér verður lögð áhersla á umfjöllun um þrýstisár og setstöðu.

Þrýstisár, algengi og kostnaður

Þrýstisár myndast af mismunandi orsökum. Þeim er gjarnan skipt í tvo flokka: Annars vegar sár sem verða til vegna utanaðkomandi áhrifa eins og þrýstings í lengri tíma eða núning, þar sem hiti og raki eru oft meðvirkandi þættir. Hins vegar sár sem orsakast af persónulegum áhættuþáttum eins og aldri, líkamlegu ástandi, hreyfanleika, ástandi húðar og vefja, skertu skyni, þvagleka, setstöðu og lélegri næringu.

Mér vitanlega hefur algengi þrýstisára ekki verið kannað hér á landi. Baldur Tumi Baldursson læknir segir í viðtali, að hjá öðrum þjóðum sé hlutfallið allt að einu pró-senti og að búast megi við svipuðu hér (Fréttablaðið, 2004). Á Borgundarhólmi voru þrýstisár talin hjá öllum sem þurftu umönnun árið 2001 og reyndust þau vera 133. Talningin var endurtekin 2002 og þá hafði þeim fækkað í 86 (Jørgensen, 2003).

Hvað sem algengi líður þá er þetta dýrt vandamál. Í Danmörku var kostnaður við að græða þrýstisár árið 2003 talinn um hálf milljón dkr. og er þá aðeins reiknað með beinum kostnaði. Laun umönnunarfólks er stærsti hlutinn, 10–15% eru talin fara í umbúðir, lyf og næringu, og um 10% til hjálpartækja (Jørgensen, 2003). Þá er ótalinn óbeinn kostnaður eins og tapaðir vinnudagar, minnkuð lífsgæði, þjáning og óþægindi sem þetta veldur einstaklingum.

Í nýlegri sænskri skýrslu er kostnaður vegna meðhöndlunar þrýstisára hjá mænusköðuðum talinn vera að meðaltali 86.000 sek og er þá ekki tali með ef kemur til skurðaðgerðar. Þar eru um 60% kostnaðarins vegna umönnunar,

hjálpartækja um 20% og afgangurinn er svo vegna umbúða, næringar o.fl. Þetta er þó aðeins lítill hluti þrýstisára í Svíþjóð og sýna t.d. ýmsar kannanir að algengi meðal aldraðra í þjónustuhúsnæði er um 10% (Nilsson, 2004).

Hvað er til ráða

Gögn sem voru rýnd frá Danmörku og Svíþjóð eru samhljóða um það, að til að draga úr þrýstisárum þurfi markvissar aðgerðir. Þekking á vandamálinu og að gefa því gaum, ásamt fræðslu, skiptir öllu máli ef fækka á sárum.

Umönnunarfolk þarf að vera betur meðvitað um vandamálið, geta greint áhættuþætti og fyrirbyggt sáramyndun með viðeigandi aðgerðum (Nilsson, 2003). Til eru matstæki til að greina áhættu. Þekktastur er sennilega Braden kvarðinn. Þar er áhætta metin út frá skyntruflunum, hvort að húðin sé útsett fyrir raka eða núningi, og svo hreyfigetu og næringarástandi (Brynja Björnsdóttir, o.fl 1997 og Kjeldsen 1999). Rannsóknir hafa þó sýnt að slíkir kvarðar eru ónákvæm greiningartæki og að sá gaumur sem áhættuþáttum er gefinn,

skiptir öllu máli (Schoonhover, et al., 2002). Flestar heimildir benda á að mikilvægast í baráttunni við þrýstisár er að þekkja vandamálið, vera vakandi fyrir því og að kunna skil á fyrirbyggjandi aðgerðum. Aðgerðunum má skipta í tvo þætti: Að greina áhættuþætti og að bregðast við þeim. Þegar áhættusvæði hafa verið skilgreind þarf að gera áætlun um að styrkja þau, hvernig nota má hjálpartæki til að draga úr áhættu, og síðast, en ekki síst, veita fræðslu. Hér verður fjallað um sitjandi stöður og mismunandi eiginleika sessa á markaðinum.

Setstaða og sæti

Þegar setið er dreifast um 80% af þyngdinni á mjög lítið svæði. Að jafnaði er mest þyngd á setbeinum, sem færast yfir á rófubeinið ef sigið er niður í sætinu (Hendriksen 2003). Mikilvægt er að sitja í góðu jafnvægi til að forðast að renna niður, og fyrirbyggja núning. Sitjandi staða er í eðli sínu einhæf staða og því mikilvægt að leggja sig fram við að breyta henni

Hvað sem algengi líður þá er þetta dýrt vandamál. Í Danmörku var kostnaður við að græða þrýstisár árið 2003 talinn um hálf milljón dkr. og er þá aðeins reiknað með beinum kostnaði.

reglulega. Vefurinn sem þrýstist saman milli sætis og setbeina verður fyrir miklum þrýstingi ef sætið er flatt. Til að draga úr þrýstingnum þarf sætið að vera formað að líkamanum með "dæld" undir setbeinum og oft einnig formað fram undir lærin (Engström, 2003). Formskorin sessa getur bætt stöðugleika og komið í veg fyrir núning milli beina og húðar. Hún getur einnig skorðað þann sem situr á henni svo "vel" að hún hamli hreyfingum. Sessurnar eru úr mismunandi efnum, oft með stífum grunni og mýkra yfirlagi, eða úr efnum með eiginleika sem dreifa þrýstingi. Mikilvægt er að huga að hvernig efnið leiðir hita og safnar raka. Engin ein sessa hentar öllum eða leysir öll vandamál. Mikilvægt er að þarfagreina og síðan að leita lausna út frá þeim eiginleikum sem bjóðast.

Áhrif og eiginleikar mismunandi efna

Svampsessur eru fyrst og fremst mjúkt undirlag til að auka þægindi og vellíðan. Þær eru oftast ekki formskornar, úr millistífum svampi eða svampi með stífara undirlagi og mýkra efra lagi. Einnig eru til svampsessur sem mótast eftir þeim sem á þeim situr og dreifa þyngdinni. Samheitið þrýstijöfnunarsvampur er oftast notað yfir þennan svamp, sem er frá mörgum framleiðendum og er misstífur. Stífleiki og þyngd svamps í sessunni er m.a. valið út frá þyngd notandans. Þykkt sessunnar hefur áhrif á hversu vel hún dreifir þrýstingi, þannig að gæðin batna með aukinni þykkt. Séu svampsessur skornar í teninga eykur það loftstreymi um þær og minnkar mótþrýsting. Svampsessur eiga það sameiginlegt að þær eru oftast léttar og meðfærilegar.

Sessur úr efnum sem dreifa þrýstingi eru oft formskornar, lagaðar að líkamanum, þannig að þrýstingur dreifist á stærri flöt. Þetta geta verið sessur úr þrýstijöfnunarsvampi, gel- eða loftpúðar. Sessurnar eru oft með nokkuð stífu formuðu undirlagi og mýkra efni ofan á sem formast eftir líkamanum þegar setið er. Þetta eru sessur sem henta einstaklingum sem sitja þungt, lengi í einu og/eða eru í sárahættu.

Flestar heimildir benda á að mikilvægast í baráttunni við þrýstisár er að þekkja vandamálið, vera vakandi fyrir því og að kunna skil á fyrirbyggjandi aðgerðum.

Gel er þétt efni sem mótast þegar setið er á því, þrýstir á móti og dregur því ekki mjög vel úr þrýstingi. Mikilvægt er því að „hrista gelsessur til“ reglulega. Gelsessur eru einnig fremur þungar sem getur verið ókostur. Efnið „viscous fluid“ sem er skylt geli hefur fleiri jákvæðar hliðar. Það er léttara, það leitar ekki aftur í upprunalega stöðu (hefur ekki minni) og þrýstir því ekki eins á móti (Hendriksen, 2003). Hiti og kuldi hafa áhrif á geleafnin, þannig að þau verða mjög hörð í kulda og mjög lín í hita.

Greinilegt er að margt gott er gert nú þegar til að fyrirbyggja og veita víðeigandi meðferð í tengslum við sárahættu eða til að græða sár.

Uppblásnar sessur þarf að stilla nákvæmlega, þannig að þrýstingur verði hæfilegur fyrir notandann. Leiðbeiningar um hvað er hæfilegur þrýstingur og hvernig á að stilla hann fylgja sessunni. Ekki er nóg að gera þetta einu sinni, heldur þarf stöðugt að fylgjast með því að réttur þrýstingur haldist. Loftsessur dreifa þrýstingi vel séu þær rétt stilltar og vinna þannig á móti þrýsti- og núningsskaða á húð. Þær eru léttar og meðfærilegar fyrir þá sem kunna að stilla þær.

Einnig þarf að huga eiginleikum áklæðisins sem þarf fyrst og fremst að gefa vel eftir til að eiginleikar sessunnar nýtist. Aðrir eiginleikar eins og hvernig loftar um efnið, hvort það safnar raka eða er gegndræpt eru einnig mikilvægir. Hvernig yfirborðið er, „hált“ og auðveldar hreyfingu eða „stamt“ og skorðar einstaklinginn. Að lokum þarf að vera auðvelt að þrifa áklæðið.

Í lauslegri könnun sem greinarhöfundur og Oddrún Lilja Birgisdóttir iðjuþjálfar gerðu meðal nokkura iðjuþjálfra og starfsfólks hjá Miðstöð

heimahjúkrunar kemur fram, að hvergi er um markvissa greiningu þrýstisára að ræða. Byggt á reynslu til að meta aðstæður og greina áhættuþætti. Greinilegt er að margt gott er gert nú þegar til að fyrirbyggja og veita víðeigandi meðferð í tengslum við sárahættu eða til að græða sár. Helst virtist okkur vera skortur á markvissari vinnubrögðum og samhæfðari aðgerðum t.d. milli faghópa. Hvort vandamálið er stórt eða lítið er afstætt, hvert þrýstisár kostar þjóðfélagið háar fjárhæðir og einstaklinginn ómælda þjáningu og óþægindi.

Stöðug fræðsla og að vera vakandi fyrir vandamálinu dregur úr þrýstisárum samanber minnkun sára um nær helming á Borgundarhólmi milli áranna 2001 og 2002 við fræðsluáttak og aukna meðvitund.

Heimildaskrá

- Baldur Tumi Baldursson (2004, 21 október). Margir þjást af illlæknanlegum sárum. *Fréttablaðið*.
- Brynja Björnsdóttir, Ingibjörg Helgadóttir og Þóra Þ. Guðjónsdóttir (1997). *Mælitæki til að meta áhættu fyrir þrýstingssáramyndun*. Óbirt efni. Háskóli Íslands. Námsbraut í Hjúkrunarfræði.
- Engström, B. (2003). Tryksár - medicinske aspekter. Í Dreier, H. *Trykksársforebyggelse i den siddende stilling*. (bls. 33-54) *Esbjerg*: Hjælpemiddelinstitutet.
- Hendriksen, M (2003) Madrasser og Puder. Hjælpemiddlet, nr.1, 27-29. København Hjælpemiddelinstitutets forlag.
- Jørgensen, B. (2003). Tryksár - medicinske aspekter. Í Dreier, H. *Trykksársforebyggelse i den siddende stilling*. (bls 9-22) *Esbjerg*: Hjælpemiddelinstitutet.
- Kjeldsen, S. (1999). Færre tryksár med computerprogram. *Sygeplejersken* 1999; 52, bls 4-9
- Nilsson, J. (2004). Vad kostar ryggmargsskadas stittsår. Sótt 4. nóvember frá www.hi.se/butik/pdf
- Schoonhover, L Haalboom JRE, Bousema MT et al. Prospective cohort study of routine use of risk assessment scales for prediction of uncurs. *British Medical Journal* 2002; 325: 797-712.

Fræðsludagur um rafskutlur í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins



Ásbjörg Magnúsdóttir iðjubjálfi á Sjálfsbjargarheimilinu



Valerie Harris yfiriðjubjálfi á Sjálfsbjargarheimilinu.

Tilgangurinn með þessari grein er að segja stuttlega frá þjónustu sem iðjubjálfar SBH hafa veitt rafskutlunotendum. Kynna stuttlega fyrirbærið rafskutlur, segja frá hvað var í boði á fræðsludegi um rafskutlur og niðurstöður úr forkönnunni. Að lokum eru umræður um notkun rafskutlna og framtíðarstefnu Sjálfsbjargarheimilisins í þeim málum. Á undanförunum árum hefur þeim fjölgað mjög sem koma í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins (SBH) á rafskutlum auk þess sem iðjubjálfar staðarins sækja í auknum mæli um rafskutlur fyrir skjólstaðinga sína. Notkun á rafskutlum hefur ekki verið könnuð hér á landi og höfðu iðjubjálfar SBH mikinn áhuga á að gera forkönnun (pilot study) m.a til að kanna þekkingu notenda á rafskutlunni, notkun og upplifun þeirra og að lokum hvernig viðkomandi einstaklingar meta færni sína við akstur.

Áhugi var að hafa sérstakan dag sem væri tileinkaður rafskutlum og rafskutlunotendum. Þann 3. september 2003 var haldinn fræðsludagur um rafskutlur í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins. Umsjón með deginum höfðu iðjubjálfar heimilisins. Fyrir hádegi var boðið upp á almenna fræðslu með nokkrum fyrirlestrum en eftir hádegi var öllum einstaklingum innan Þjónustumiðstöðvarinnar sem nota rafskutlu boðið að taka þátt í verklegum æfingum þar sem frammistaða hvers og eins var metin af iðjubjálfum. Tilgangur með deginum var að veita hagnýtar upplýsingar um rafskutlur, deila reynslusögum, fá umræður um rafskutlur og fá fram hverjar þarfir þessa hóps eru.

Rafskutlur

Hlutverk rafskutlna er að gera hreyfihömluðu fólki kleift að komast á milli staða og hefur þeim fjölgað mjög mikið hér á landi síðastliðin tíu ár. Hægt er að sækja um rafskutlur til Tryggingastofnunar ríkisins en einnig er hægt að kaupa rafskutlur hjá nokkrum fyrirtækjum hér á landi. Samkvæmt heimildum frá Sigríði Pétursdóttur iðjubjálfa hjá Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins (munnleg heimild, 19. febrúar 2004) fengu 27 einstaklingar samþykki fyrir kaupum á rafskutlu á árunum 2000 til loka ársins 2001. Frá árinu 2002 til lok

árs 2003 hafa hins vegar 42 einstaklingar fengið samþykka slíka heimild.

Fyrir marga hreyfihamlaða er það auðveldara að nota rafskutlur en að takast á við það stóra skref að setjast í rafmagnshjólástól. Kostir rafskutla eru að þær eru léttar og auðvelt er að taka þær í sundur til að koma þeim inn í bíla. Það er auðvelt að stýra þeim og þær eru mun ódýrari en rafmagnshjólástólar. Helstu gallarnir við rafskutlur eru að þær veita ekki bak-, háls-, höfuð- eða axlarstuðning en fyrir þá sem þurfa slíkan stuðning getur verið betra að nota rafmagnshjólástól. Sá sem notar rafskutlu þarf að geta setið í uppréttri stöðu og stjórnað rafskutlunni eins og hún er sett upp því ekki er boðið upp á miklar breytingar á stjórnunarbúnaði. Rafskutlur fara ekki mjög hratt og ekki er hægt að breyta bremsukerfinu. Það er mælt með að þeir sem noti rafskutlu hafi bjöllu, hjálm og endurskinsmerki. Hægt er að nota rafskutlur bæði innandyrna og utan. Utandyrna á að keyra rafskutlur á gangstétt en ekki á umferðargötu (Cook og Hussey, 2002; Penny, 1998).

Fyrirlestrar á fræðsludegi um rafskutlur

Á fræðsludegi um rafskutlur í SBH ræddi Sigurður Helgason sviðsstjóri umferðaröryggis- sviðs Umferðarstofu um öryggi í umferð, almennt um akstur í umferðinni, umferðarhraða og umferðarslys og hvaða atriði þarf að hafa í huga þegar farið er út í umferð s.s vera á varðbergi, fylgjast vel með í kringum sig og gæta að hraðanum. Iðjubjálfarnir Svanborg Guðmundsdóttir og Sigríður Pétursdóttir frá Hjálpartækjamiðstöðinni héldu erindi um reglur Tryggingastofnunar um hverjir eiga rétt á rafskutlum auk þess sem þær fjölluðu almennt um rafskutlur þ.e. tegundir, mögulega fylgihluti, rafhlöður, umhirðu og viðhald. Berglind Kristinsdóttir iðjubjálfi á Sjálfsbjargarheimilinu fjallaði um umsóknarferlið þ.e. hvaða upplýsingar um færni þurfa að koma fram á umsókn til Hjálpartækjamiðstöðvarinnar um rafskutlu. Að lokum fór Ásbjörg Magnúsdóttir iðjubjálfi Sjálfsbjargarheimilisins yfir aðgengismál á rafskutlum og sýndi nokkrar ljósmyndir af götum Reykjavíkurborgar, sem sýndu slæmt aðgengi og aðskotahluti á gangstéttum, sem gerðu ein-



staklingum í rafskutlum erfiðara að komast um. Myndirnar voru teknar af einstaklingi sem notar rafskutlu. Einnig kynnti Ásbjörg stuttlega hvernig verklegu æfingarnar myndu fara fram.

Eftir fyrirlestrana var tími fyrir spurningar og umræður. Þar komu fram margar góðar spurningar t.d. um tryggingamál tengda rafskutlum, hvort nota megi reiðhjólahláma, hver eigi að meta það ef færni viðkomandi hrakar og viðkomandi getur ekki lengur keyrt rafskutlu.

Verklegar æfingar á fræðsludegi um rafskutlur

Eftir hádegi á fræðsludeginum lagði hópurinn af stað á rafskutlunum sínum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þar er bílabraut fyrir smábíla með umferðarljósum, stöðvunarskyldu og biðskyldumerki þannig að umhverfið varð nokkuð raunverulegt. Þátttakendur tóku þátt í æfingum eftir fyrirmælum frá iðjuþjálfum. Æfingarnar voru útbúnar með það í huga að reyna á skipulagningu, athygli, minni og rúm-

og afstöðuskyn. Iðjuþjálfar mældu frammistöðu hvers og eins á sérútbúnum blöðum. Það voru þrjár fyrirfram ákveðnar leiðir farnar þar sem reyndi á hæfni við að bakka, keyra þröngar götur, keyra eftir beinni línu, stoppa tímalega þegar bolta var hent yfir götuna og fleira. Mælingin fór þannig fram að taldar voru þær villur sem einstaklingurinn gerði t.d. ef hann virti ekki stöðvunarskyldu, umferðarljós og fleira. Einnig var skráð niður t.d. hvort viðkomandi var rólegur eða stressaður og hvort hann þurfti aðstoð við að klára verkefnið. Einstaklingunum gekk misjafnlega vel að keyra enda fólk með mismunandi reynslu. Helstu athugasemdir voru að einstaklingarnir voru óöruggir, væru ekki með umferðarmerkin á hreinu og náðu ekki alltaf að stoppa nægilega fljótt.

Í lokinn voru almennar umræður um hvernig þátttakendum fannst þeim sjálfum ganga og hvernig dagurinn hafði nýst þeim og hvort þeir vildu halda áfram að vinna saman. Allir voru sammála um að þetta hefði verið

skemmtilegur hópur og góður dagur. Þátttakendur sýndu áhuga á því að stofna hóp þar sem farið yrði í lengri ferðir um bæinn og óskuðu einnig eftir meiri fræðslu hvað varðar viðgerðir, viðhald og umferðarfræðslu.

Forkönnun (pilot study)

Tilgangur forkönnunarinnar var að kanna daglega notkun, þjálfun, þekkingu, færni og viðhorfi einstaklinga sem nota rafskutlur. Spurningalistinn var sendur til níu einstaklinga sem eru skráðir í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins og nota rafskutlur. Átta einstaklingar tóku þátt í rannsókninni og var svarhlutfallið 89%.

Þegar spurningalistinn var hannaður var unnið út frá fjórum megin rannsóknarspurningum.

1. Til hvaða athafna nota einstaklingar í Þjónustumiðstöðinni rafskutlurnar og hversu mikið nota þeir hana?

Almenn notkun á rafskutlum (Merkja mátti við fleiri en eitt atriði)

Komast eitthvað að heiman

Til útiveru

Komast í búð / banka


Í heimsókn til vina / félaga

Tómstundaiðju

Komast í vinnu / skóla

Komast um innandyra

Annað



2. Hver er þekking einstaklinga í Þjónustumiðstöð á rafskutlunum sínum?
3. Hvernig er færni einstaklinga í Þjónustumiðstöðinni við að keyra rafskutlu?
4. Hvert er viðhorf einstaklinga í Þjónustumiðstöðinni til rafskutlunnar sinnar?

1. Notkun rafskutlunnar.

Þrír þeirra sem tóku þátt í könnuninni höfðu notað rafskutluna sína í 6 mánuði eða skemur en einn hafði notað rafskutlu í 4-5 ár. Það voru fimm einstaklingar eða 62% þátttakenda sem nota rafskutluna sína á hverjum degi og fjórir einstaklingar eða 50% þátttakenda voru 2-3 tíma á dag á rafskutlunni. Þegar spurt var hversu langt að heiman viðkomandi fer á rafskutlunni dreifðust svörin frá 2-5 km og yfir í 11 km vegalengd.

Eins og sést á mynd 1 kemur í ljós að langflestir nýta rafskutluna sína til að komast eitthvað að heiman, til útiveru, til að komast í búð eða banka.

2. Þekking einstaklinga í Þjónustumiðstöðinni á rafskutlunum sínum.

Það voru tveir einstaklingar af átta sem höfðu fengið þjálfun í notkun rafskutlu og í báðum tilfellum var það iðjuþjálfari sem sá um þjálfun en í öðru tilfallinu kom einnig söluaðili inn í. Báðir þessir einstaklingar voru mjög ánægðir með þá þjálfun sem þeir fengu.

Spurt var hvort að viðkomandi taldi sig hafa þörf fyrir námskeið sem tengdist notkun sinni á rafskutlu og svöruðu sjö af átta einstaklingum því játandi en einu var ósvarað. Einnig var spurt um hvað þátttakendur vildu að námskeið tengt rafskutlum innihéldi og vildu flestir fá upplýsingar um hvað ætti að gera ef rafskutlan bilaði, um almennt viðhald, umferðareglur, eiginleika rafskutlunnar og æfingarastur.

Þegar spurt var hvort einstaklingar vissu hvernig þeir myndu bregðast við ef rafskutlan bilaði langt frá heimili viðkomandi skiptist svarhlutfallið milli já og nei til helminga. Þegar hins vegar var spurt hvort að viðkomandi hefði lent í því að rafskutlan bilaði langt frá heimilinu voru fimm einstaklingar sem

höfðu aldrei lent í því að rafskutlan bilaði en hinir þrír höfðu lent í því að rafskutlan bilaði 1-4 sinnum. Það var innan við helmingur þátttakenda sem vissu hversu marga kílómetra rafskutlan kæmist væri hún fullhlaðinn en einn einstaklingur svaraði ekki.


3. Færni notenda:

Þegar þátttakendur voru beðnir um að meta eigin færni við að aka rafskutlu, á skalanum einum til tíu þar sem einn þýðir lítil færni og tíu mikil færni, dreifðust svörin mjög mikið.

Viðkomandi einstaklingar voru beðnir um að meta færni sína við að keyra innandyra, utandyra og í umferð. Einn einstaklingur gaf sér fimm við að keyra innandyra, tveir gáfu sér sjö og þeir tveir sem eftir voru gáfu sér níu og tíu. Þrír einstaklingar svöruðu ekki. Við að keyra utandyra gáfu allir sér ólíka einkunn en þær dreifðust frá fimm og upp í tíu auk þess sem einn svaraði ekki. Almenn gáfu þátttakendur sér minna fyrir að keyra í umferð en einn gaf sér fjóra, tveir gáfu sér fimm, tveir gáfu sér sex og sitthvor með níu og tíu auk þess sem einn svaraði ekki.

4. Viðhorf notenda til rafskutlunnar:

Þátttakendur voru spurðir að því hvort að þeir væru ánægðir með rafskutluna sína og voru fimm einstaklingar mjög ánægðir með rafskutluna eða 62,5% þátttakenda. Einn sagðist vera frekar ánægður og einn hvorki ánægður né óánægður. Einn svaraði ekki spurningunni.



Mynd 2. Sýnir hvort notendur urðu meira sjálfsbjarga eftir að hafa fengið rafskutlu.

Mynd 2 sýnir hvernig þátttakendur svöruðu spurningunni um hvort þeir hefðu orðið meira sjálfbjarga eftir að þeir fengu rafskutlu. Sjö einstaklingar eða 87,5% þátttakenda sögðust vera meira sjálfbjarga eftir að þeir fengu rafskutlu. Þegar spurt var um hvort tillit væri tekið til þeirra á rafskutlunni svöruðu fjórir einstaklingar eða helmingur þátttakenda að það væri tekið frekar mikið tillit til sín og rafskutlunnar í umferð en þremur fannst hvorki mikið né lítið tekið tillit til sín.

Umraeður

Nauðsynlegt er að minna aftur á að þetta er forkönnun og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar en í þessari forkönnun kom sterklega fram að rafskutlunotkun eykur mjög sjálfsbjargargetu einstaklingsins og veitir aukið frelsi. Niðurstöður forkönnunarinnar sýna að rafskutlunotendur sem eru skráðir í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins nýta rafskutlunnar sínar við ýmis verkefni. Þeir nota mest rafskutlurnar til að komast eitthvað að heiman, til útiveru, heimsækja vini og tómstundaiðju. Allir þeir einstaklingar sem eru í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins eru öryrkjar og stunda ekki vinnu en vilja samt taka þátt í þjóðfélaginu. Samkvæmt ICF flokkunarkerfi (International Classification of Functioning) WHO er góð heilsa tengd færni til að taka þátt í athöfnum auk þess að vera þátttakandi í þjóðfélaginu (Word health Organization, 2005). Að hafa rafskutlu til umráða eykur þátttöku einstaklingsins í athöfnum sem veita honum ánægju auk þess að það eykur líkur á að viðkomandi geti verið virkur þátttakandi í þjóðfélaginu.

Tryggingastofnun ríkisins samþykkir að einstaklingur fái rafskutlu til að

geta farið í vinnu/ skóla, út í búð eða banka en ekki til tómstundaiðju. Velta má fyrir sér hvort tómstundaiðja sé ekki jafn mikilvæg í þessu samhengi og vinna eða skóli. Einnig samþykkir stofnunin rafskutlur ef það ýtir undir sjálfsbjargargetu einstaklingsins en því aðeins að viðkomandi hafi ekki bíl til umráða.

Það kom nokkuð á óvart hversu fáir einstaklingar höfðu fengið þjálfun í notkun rafskutla. Það voru nokkrir sem svöruðu þjálfunarspurningunni neitandi en svöruðu samt spurningunum sem tengdust henni eins og hver hafði veitt þjálfun og hversu ánægðir þeir voru með hana. Upphaflega spurningin var kannski ekki nægilega skýr þar sem ekki var skilgreint orðið þjálfun og að orðið þjálfun hafi eitthvað flækst fyrir þátttakendunum. Önnur ástæða gæti verið um að vitræna skerðingu er að ræða hjá nokkrum þátttakendum auk þess sem margir eru með skert minni. Hugsanlega gæti upplifun einstaklingsins verið þannig að hann sé eingöngu að prófa viðkomandi tæki þegar í raun er verið að þjálfu hann. Iðjuþjálfarar eru kannski ekki nægilega skýrir um hvenær þeir eru að þjálfu viðkomandi en ekki eingöngu að fylgjast með hvernig gengur. Iðjuþjálfar Þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargarheimilisins sáu ekki um að panta allar rafskutlurnar og þjálfu alla þátttakendur í notkun þeirra og eru því ekki með upplýsingar um hvort viðkomandi hafi í raun fengið þjálfun eða ekki.

Skipta má rafskutlunotendum í tvennt, þeir sem hafa fengið rafskutlu hjá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem hafa farið sjálfið og keypt sér. Þetta eru mjög ólíkir hópar þar sem sá hópur sem keyrir um á rafskutlum í eigu Tryggingastofnunar hefur sýnt

fram á færni sína en hinn hópurinn ekki. Þá kemur upp sú spurning um hver ber ábyrgð á að fylgjast með hvort viðkomandi sé fær um að keyra rafskutlu, hver ber ábyrgðina ef eitthvað kemur upp á og hvaða hætta getur skapast ef viðkomandi er ekki fullfær um að keyra. Það er því nauðsynlegt að hafa skýrar reglur um notkun rafskutla.

Áframhaldandi vinna

Eins og áður hefur komið fram var mikil áhugi fyrir að halda áfram að vinna með þennan hóp og styðja hann í áframhaldandi þjálfun því það er nauðsynlegt að viðhalda færninni eða auka hana. Með þessari forkönnun fékkst skýrari mynd um hvað skjólstaðingunum vantar t.d. þjálfun í að fara langar ferðir um Reykjavík og meiri upplýsingar um getu rafskutlunnar.

Iðjuþjálfar Þjónustumiðstöðvarinnar hafa haldið þessum hópi saman og var farin mjög skemmtileg dagsferð sumarið 2004. Einnig hefur hópurinn hist til að skoða saman skýrslu sem var gefin út um fræðsludaginn og forkönnuna og niðurstöður hennar ræddar. Fyrirhugað er að hafa annan rafskutludag sumarið 2005 en ekki hefur verið ákveðið nákvæmlega með hvaða sniði hann verður. Það er mikill áhugi að halda rafskutludag þar sem efni fyrirlestra væri valið í samræmi við niðurstöður forkönnunarinnar. Einnig er áhugi á samvinnu við iðjuþjálfu á Reykjalundi, Grensásdeild eða aðra staði þar sem iðjuþjálfar eru að panta rafskutlur fyrir skjólstaðinga sína.

Heimildaskrá

- Cook, A. M og Hussey, S. M (2002). *Assistive Technologies, Principles and Practice* (2. útg.). St. Louis: Mosby Inc.
- Penny, L. (1998). Buying a scooter? Do you know what to look for? *Accent on Living*, 43(1), 26-29
- Sigríður Pétursdóttir (2004, 19. febrúar). Iðjuþjálfu Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins. Fjöldi rafskutla frá árunum 2000–2003. Upplýsingar veittar í gegnum síma
- Word health Organization (2005). www.who.int/icf



**Öldrunarheimili
Akureyrar**

Norrænt samstarf um hönnun matstækis til að meta áhrif hjálpartækja The NAME



Inga Jónsdóttir
iðjupjálfi hjálpar-
tækjamiðstöð TR

Pað er mikilvægt að geta metið áhrif hjálpartækja til þess að öðlast þekkingu á gildi þeirra fyrir notendur og samfélagið. Hjólastólar og göngutæki eru oft notuð sem íhlutun til að gera einstaklingum mögulegt að komast um og taka þátt í félagslegum athöfnum. Þó þessi hjálpartæki séu mikið notuð og þau talin hafa jákvæð áhrif, eins og að auka afhafnamöguleika notenda, þá virðist þekking sem byggist á rannsóknum af skornum skammti. Ein ástæða þess gæti verið að ekki er til matstæki sem mælir tengsl þátttöku og notkunar á hjálpartækjum í daglegu lífi. Niðurstöður úr heimildaleit sem gerð var í tengslum við þróun matstækis á þessu sviði staðfesti að ekkert matstæki fannst sem mælir þessi tengsl hjálpartækja. Hugtakið „þátttaka“ er hér þýðing á enska orðinu „participation“ og hugtakið „að fara um“ er þýðing á orðinu „mobility“.

Lykilorð: Hjálpartæki, matstæki, þátttaka, ICF, þróun matstækis.

Þátttakendur og aðferð.

Hluti af starfssemi Hjálartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar er þátttaka í norrænu samstarfi á hjálpartækjasviði. Eitt af mögum samstarfsverkefnum er að búa til matstæki sem metur áhrif flutningshjálpartækja á virkni og þátttöku notenda í daglegu lífi. Þátttakendur frá Norðurlöndunum voru ásamt undirritaðri; Áse Brandt verkefnisstjóri og Susanne Iwarsson frá Svíþjóð faglegur leiðbeinandi auk John Nilson og Kersti Samuelsson frá Svíþjóð og Terje Sund frá Noregi, Tuula Hurnaasti og Anna-Liisa Salminen frá Finnlandi. Matstækið er kallað The Nordic Assisted Mobility Evaluation (NAME).

Aðferðafræðin sem var valin byggist á aðferð Benson og Clark (1982). Um er að ræða fjögurra þrepa ferli sem skiptist í áætlanagerð (planning), uppbyggingu (construction), prófanir, megindlega mælingu (quantitative evaluation) og réttmæti (validation). Réttmætispröfuninni tekst þó ekki að ljúka.

Skipulagning - 1 stig

Markhópur matstækisins eru notendur og væntanlegir notendur hjólastóla og göngu-

hjálpartækja sem eru 18 ára og eldri og færir um að veita viðtal. Um er að ræða einstaklinga sem hafa takmarkaða göngugetu þar sem notuð er íhlutun með hjólastól eða gönguhjálpartæki til að bæta möguleika þeirra til að komast um. Matstækið á að mæla hvort virkni og þátttaka í daglegu lífi hafi aukist með tilkomu hjálpartækisins. Viðtal er tekið áður en hjálpartækið er afhent og síðan endurtekið eftir um þrjá mánuði. Um er að ræða notendur sem eru að fá hjálpartæki í fyrsta sinn eða eru að skipta um tæki t.d. frá göngutæki í hjólastól. Markmiðið er að nota matstækið til að mæla áhrif á hópum í tengslum við gæðapróun og rannsóknir fremur en á einstaklinga.

Ofangreind skilgreining var notuð við ítarlega heimildarleit að rannsóknum (outcome studies) og matstækjum á hjálpartækjasviði. Þrátt fyrir að alls myndust 18 matstæki var ekkert þeirra sambærilegt við NAME. Áhrif hjálpartækja á þátttöku og virkni í daglegu lífi voru hvergi mæld. Breytur voru að mestu valdar út frá athöfnum og þátttöku samkvæmt lista International Classification of Functioning, Disability and Health(2001) og með viðtölum við notendur hjólastóla og göngutækja í Svíþjóð. Sleppt var þeim atriðum sem ekki tengdust því að fara um. Samdar voru spurningar út frá athöfnum og kvarðarnir tengdir þátttöku, erfiðleikastigi og þörf fyrir aðstoð. Til að tryggja gæði og réttmæti matstækisins voru þessi atriði ásamt kvörðunum rædd af rýnihópum notenda í öllum löndunum. Umræðan veitti gott innlegg í þróunina, notendur voru ánægðir með áhersluna í þátttöku í iðju og athöfnum. Hinsvegar var bent á að megin hindrunin varðandi það að komast um lægi oft í umhverfinu, húsnæði og samfélaginu almennt en ekki í hjálpartækinu sem slíku.

Uppbygging - 2 stig

Niðurstöður rýnihópanna voru notaðar til að þróa spurningalistann betur. Matstækið skiptist í þrjá hluta: lýðfræðilegan, almenna hreyfifærni og þátttöku í athöfnum. Listinn var þróaður á sænsku en síðan þýddur yfir á tungumál hinna landanna.

Innihaldsréttmæti var metið með viðtölum við rýnihópa notenda (17) sem og viðtölum við

sérfræðinga (37) á sviði fötlunar. Athafnir voru taldar við-eigandi og einnig var ánægja með áherslu matstækisins á tengsl þátttöku og hjálpartækja. Hinsvegar komu fram margar ábendingar um lagfæringar, sem tekið var tillit til.

Prófanir, megindegleg mæling - 3 stig

Sprungingalistinn með alls 22 spurningum um þátttöku í athöfnum auk bakgrunnsspurninga var forprófaður með viðtölum við átta notendur hjólastóla og/eða göngutækja í löndunum fimm. Meðalaldur notendanna var 65 ár. Forprófunin sýndi að spurningarnar voru viðeigandi. Þar sem meðalaldurinn var fremur hár var gildi atriðanna skoðað meðal 22 notenda á Íslandi, í Finnlandi og Svíþjóð þar sem meðalaldur var 38 ár. Þetta staðfesti að innihald spurninganna var einnig viðeigandi fyrir yngri einstaklinga. Varðandi byggingu kvarðanna kom í ljós að kvarðinn um þörf fyrir aðstoð og erfiðleika var ekki fullnægjandi. Hann náði ekki að mæla niðurstöður nægjanlega þar sem notendur aðlöguðu oft þátttöku sína svo að hún samsvaraði getu þeirra. Kvörðunum var því breytt og spurt hvort hann/hún framkvæmi það sem spurt var um og að hvaða leyti göngu eða flutningserfiðleikar hindruðu það og að lokum hversu oft athöfnin var framkvæmd. Að loknum þessum breytingum var forprófun endurtekin. Fjöldi notenda var að þessu sinni 32, meðalaldur 50 ár. Enn voru gerðar nokkrar breytingar á kvörðunum, þessar breytingar lutu fremur að framsetningu en innihaldi. Þegar þetta er skrifað liggur fyrir að þýða spurningarlistann og forprófa síðara viðtalið.

Umræða

Það er ekki einfalt verk að þróa matstæki er fyllir allar kröfur sem matstæki þarf að fylla, mælir það sem því er ætlað að mæla og er áreiðanlegt. Aðferðafræði Benson og Clark (1982) hentaði vel. Það gaf góða yfirsýn yfir ferlið og auðveldaði samvinnu aðila frá fimm löndum sem hittust sjaldan. Fimm tungumál kalla óhjákvæmilega á einhverja tungumálaörðuleika, samskiptamálið var enska en matstækið var skrifað á sænsku. Talsverð vinna fólst í þýðingum yfir á hin fjögur tungumálin. Á hinn bóginn nýttist víðtæk reynsla allra þjóðanna og að forprófun var gerð meðal fimm mismunandi þjóða.

Mikilvægt innlegg í þróunina voru viðtölin við notendur hjálpartækjanna og sérfræðinga. Erfiðast reyndist að setja fram spurningar sem greindu á milli athafna og þátttöku sem tengdist því að fara um, þannig að niðurstaðan speglaði hvernig einstaklingur komst um. Einnig var erfitt að skilja áhrif frá hindrunum í umhverfinu frá því að komast um.

Ég tel mikilvægt að til sé matstæki sem hægt er að nota til að sýna áhrif hjálpartækja ekki síst hvernig hjálpartæki auka þátttökumöguleika einstaklinga í athöfnum og samfélaginu yfirleitt. Upplýsingar sem matsækið veitir geta haft áhrif á stefnumótun og verið mikilvægar til að réttlæta vaxandi útgjöld til hjálpartækja.

Heimildaskrá

Benson, J og Clark, F (1982) A Guide for Instrument Development and Validation, International Classification of Functioning, Disability and Health: ICF. Geneva WHO, 2001.

Samráð og samvinna

Siðanefnd Iðjubjálfafélags Íslands

1.4. Iðjubjálfi vinnur í nánú samráði við skjólstæðinga sína, virðir þekkingu þeirra og reynslu og tekur mið af þörfum þeirra, færni og aðstæðum þegar þjónustuáætlun er gerð.

Þegar við hittum skjólstæðing í fyrsta skipti hefst samvinna okkar við hann. Samvinna sem á eftir að standa yfir í lengri eða skemmri tíma og vonandi skila skjólstæðingnum betri heilsu og líðan. Það er því mikils virði að vel takist til. Í grein 1.4 í siðareglunum erum við minnt á mikilvægi samráðsins og samvinnunnar í þjónustu við skjólstæðingana. Að mæta manneskju þar sem hún er stödd. Þetta er setning sem oft er hamrað á og við þekkjum svo vel. Auðvelt ekki satt? Til að mæta manneskju þar sem hún er stödd er fyrsta atriðið að hlusta. Hlusta eftir því hver þessi manneskja er, hverjar eru aðstæður hennar, hvað hefur hún fram að færa og hverjar eru hugmyndir hennar um sitt líf.

Annað mikilvægt atriði er virðing. Að virða það sem skjólstæðingurinn segir og taka mark á því þó svo við séum á annarri skoðun. Það er nauðsynlegt að staldra stundum við og spyrja sig, hvort maður sé á réttri leið. Er ég að gera hæfilegar kröfur? Tek ég nægjanlegt tillit til þess sem skjólstæðingurinn segir? Eru það mín eigin viðmið sem ráða ferðinni um of? Fleiri spurningar geta skotið upp kollinum. Er það ekki ég sem er fagmaðurinn og á að leiðbeina? Á ég ekki að vita betur? Jú, við eigum að vita betur og leiðbeina og fræða. En við verðum ávallt að taka það með í reikninginn að skjólstæðingurinn sjálfur hefur mikla reynslu og þekkingu sem taka skal mið af. Það er mikilvægt að nota fagþekkinguna þannig að hún henti þeim aðstæðum sem skjólstæðingurinn er í. Það gerir okkur að góðum fagmönnum og við gerum þetta best með því að hlusta og virða og taka tillit til aðstæðna.

Til athugunar

Til að mega kalla sig og starfa sem iðjubjálfi á Íslandi er krafist löggildingar frá Heilbrigðisráðuneyti. Það er því brýnt að þeir sem ráða iðjubjálfa til starfa hafi fullvissu um að viðkomandi sé löggiltur iðjubjálfi. Einnig er rétt að benda á það að til að geta verið félagi í Iðjubjálfafélagi Íslands og tekið laun samkvæmt kjarasamningi félagsins er nauðsynlegt að hafa löggildingu.

Með kveðju,
Stjórn IPÍ



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

www.unak.is/heilbrigðisdeild

HEILBRIGÐISDEILD

➤ Hjúkrunarfræði ➤ Iðjupjálfun ➤ Meistaránám í heilbrigðisvísindum



Á www.unak.is er að finna gagnlegar upplýsingar, m.a. um námsframboðið, lesaðstöðu, stúdentagarða, félagslíf, umsóknarferlið og skólabæinn Akureyri. Þar er einnig hægt að skrá sig til að fá kynningarefni sent heim að dyrum.



Hjúkrunarfræði

Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári, fer fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Iðjupjálfun

Markmið námsins er að búa nemendur undir fjölbreytt störf sem iðjupjálfar í heilbrigðis- og félagsþjónustu, skólakerfinu og á almennum markaði. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Vettvangsnám er 25 vikur og hefst í lok 2. námsárs.

Meistaránám í heilbrigðisvísindum

Námið byggir á þverfaglegum grunni og tekur meðal annars mið af flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar International Classification of Function (ICF). Að auki eru sjónarmið um lýðheilsu, heilsuefingu og líkn höfð að leiðarljósi. Námið er 60 eininga nám og samanstendur af 6-8 námskeiðum, 5 einingar hvert námskeið og 20-30 eininga rannsóknarverkefni.

Aðstaða

Á háskólasvæðinu á Sólborg er sérstök álma fyrir verklegt nám í heilbrigðisvísindum. Húsnæðið er ríkulega búið tækjum sem notuð eru við kennslu og er aðstaða fyrir nemendur eins og hún gerist best.

Annað nám í Háskólanum á Akureyri

Í Háskólanum á Akureyri er einnig boðið upp á nám við auðlindadeild, félagsvísinda- og lagadeild, kennaradeild, viðskiptadeild og upplýsingatæknideild. Skólinn er þekktur fyrir gott nám og nemendur eru sérstaklega ánægðir með það persónulega andrúmsloft sem einkennir starfsemina.

umsóknarfrestur er til 5. júní.

Ágrip úr B.Sc. verkefnum útskriftar-nema í iðjubjálfun frá Háskólanum á Akureyri 2005

Sálfélagslegir þættir í vinnu tann-lækna og vinnuumhverfi þeirra

Höfundar: Björg Hreinsdóttir, Margrét Ís-leifsdóttir og Valdís Brá Þorsteinsdóttir.

Leiðbeinandi: Valerie J. Harris.

Markmið rannsóknarinnar er að afla upp-lýsinga um sálfélagslega þætti í vinnu tann-lækna og vinnuumhverfi þeirra, en það hefur ekki áður verið gert á Íslandi.

Vinnueftirlit ríkisins hefur gert svipaðar rannsóknir á kennurum, hjúkrunarfræðingum og flugfreyjum í samstarfi við Rannsóknar-stofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

Þýðið eru allir tannlæknar sem skráðir eru í Tannlæknafélag Íslands, alls 317 talsins en úr-takið er 100 tannlæknar sem valdir voru með kerfisbundnu slembiúrtaki.

Spurningalistar og kynningarbréf voru send til þátttakenda. Spurningalistarnir voru tveir, Norræni spurningarlistinn um sálfélagslega þætti í vinnunni og Vinnuumhverfislistinn. Norræni spurningarlistinn var saminn af Nor-rænu ráðherranefndinni.

Niðurstöður verða unnar úr innsendum spurningarlistum og skoðað hvort samband sé á milli vinnuumhverfis og sálfélagslegra þátta tannlækna.

Mikilvægt er að kanna tengsl milli daglegr-ar iðju fólks og heilsu þess og þessi rannsókn er liður í að bæta við þann þekkingargrunn.

Iðjubjálfun í heilsugæslu á Íslandi

Höfundar: Ester Halldórsdóttir, Karen Björg Gunnarsdóttir og Thelma Hrund Sigur-björnsdóttir.

Leiðbeinandi: Dr. Hermann Óskarsson dósent.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu frá árinu 1990 í 19. gr er kveðið á um að veita eigi þjónustu iðjubjálfa í heilsugæslu. Það var ekki fyrr en árið 1997 sem það var fyrst gert og þá sem tilraunaverkefni.

Iðjubjálfum fjölgaði hægt í heilsugæslunni fyrst eftir tilraunaverkefnið en alls starfa nú níu iðjubjálfar í henni. Tekið skal fram að sumar

heilsugæslustöðvar nýta iðjubjálfa sem verk-taka í ýmis verkefni.

Þar sem ekki hefur áður verið gerð rann-sókn á starfseminni þ.e. fyrir utan tilraunaverk-efnið eru upplýsingar um iðjubjálfun í heilsu-gæslu af skornum skammti.

Tilgangurinn með rannsókninni er að fá upplýsingar um iðjubjálfun í heilsugæslu á Ís-landi. Vísindalegt gildi rannsóknarinnar er að til verður ritað efni um iðjubjálfun í heilsu-gæslu.

Úrtak rannsóknarinnar eru sex iðjubjálfar starfandi í heilsugæslunni og er um tilgangsúr-tak að ræða. Aðferðarfræðin er eigindleg (qu-alitative) þar sem viðtöl verða tekin upp og af-rituð. Efnið verður greint niður í þemu sem síð-an eru greind enn frekar, að því loknu verður verkefninu gefið nafn með hliðsjón af niður-stöðum úr þemunum.

Viðhorf skjólstæðinga til þjónustu iðjubjálfa

Höfundar: Helga Kristín Gestsdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Sigrún Líndal Þrastar-dóttir.

Leiðbeinandi: Sigrún Garðarsdóttir.

Markmið verkefnisins er að kanna viðhorf skjólstæðinga í endurhæfingu til þjónustu iðju-bjálfa með tilliti til þess hvort þjónustan sé skjólstæðingsmiðuð, en á síðastliðnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á skjólstæðings-miðaða þjónustu innan iðjubjálfunar. Mikil-vægt er að kanna viðhorf skjólstæðinga til að geta fengið upplýsingar um hvað í þjónustu iðjubjálfa er fullnægjandi og hvað er ábótavant. Spurningalisti sem útbúinn var í tengslum við lokaverkefni árið 2004 um viðhorf foreldra barna með sérþarfir var notaður en hann var aðlagður að verkefni höfunda, endurbættur, þróaður áfram og að lokum forþróaður. Spurningarlistinn byggir á skjólstæðingsmiðaðri nálgun og er upprunninn frá kanadíska iðjulík-aninu (CMOP).

Hann skiptist í fimm hluta; bakgrunnsupp-lýsingar, þjónustu iðjubjálfa á Landspítala há-skólasjúkrahúsi (LSH) Grensási, árangur

UNDIR FITUNNI FELAST GÆÐIN

NAUTAKJÖT, LAMBAKJÖT, SVÍNAKJÖT, FORRÉTTIR
PYLSUR, ÁLEGG, KALDAR OG HEITAR SÓSUR.

OPNUNARTÍMI:
MÁNUD. TIL
FIMMTUD.
12:30 –18:30

FÖSTUD.
10:00 TIL 18:30

LAUGARD.
10:00 TIL 14:00



*Gerum
gott
betra*

GALLERY KJÖT

GRENSÁSVEGI 48 • 108 REYKJAVÍK

S: 553-1600 • FAX 553-1608 • www.gallerykjot.is

íhlotunar, þjónustu í samfélaginu og aukaspurningar varðandi spurningalistann sjálfan. Þýði verkefnisins er einstaklingar sem hafa notið þjónustu iðjubjálfa á LSH Grensási í minnst sex skipti og útskrifast á tímabilinu janúar 2004 til desember 2004. Þátttakendur voru valdir með hentugleikaúrtaki í samráði við iðjubjálfa á LSH Grensási.

Niðurstöðum verkefnisins er ætlað að varpa ljósi á hvað í þjónustu iðjubjálfa á endurhæfingardeild í dag er fullnægjandi og hvað er ábótavant að mati skjólstæðinga. Niðurstöður veita upplýsingar um hvort þjónustan sé skjólstæðingsmiðuð, hvers konar þjónustu skjólstæðingar kjósa að fá frá iðjubjálfum og hvort þörf sé á breytingum á þjónustunni eða þjónustufyrirkomulaginu.

Eldra fólk og valdefling

„Hversu mikið upplifir eldra fólk stjórnu yfir eigin lífi“

Höfundar: Deborah Júlía Robinson og Olga Ásrún Stefánsdóttir

Leiðbeinandi: Sólveig Ása Árnadóttir.

Rannsóknin er hluti af stærri faraldsfræðilegri rannsókn sem ber heitið „Heilsutengdir hagir eldra fólks í dreyfbýli og þéttbýli“. Fyrir þeirri rannsókn standa Dr. Elín Díanna Gunnardóttir sálfræðingur og Sólveig Ása Árnadóttir sjúkraþjálfari Msc sem báðar eru lektorar við Háskólann á Akureyri.

Markmið þeirrar rannsóknar er að afla upplýsinga um líkamlega og andlega færni eldri Íslendinga, lífsgæði og nýtingu á heilbrigðisþjónustu. Úrtakið var 250 manns 65 ára og eldri sem búa í heimahúsum í dreifðum byggðum Suður-Þingeyjarsýslu eða á Akureyri. Gagnasöfnun fór fram í júní-ágúst sumarið 2004 í formi viðtals sem varði frá einni klukkustund upp í tvær og hálf klukkustund á hvern einstakling.

Rannsóknin samanstóð af spurningalista með 111 spurningum um grunnupplýsingar og sjö matstækjum.

Rannsóknarhlutinn „eldra fólk og valdefling“ snýst um hversu mikið eða

lítið fólk á þessum aldri upplifir valdeflingu yfir sínum kringumstæðum. Sú upplifun verður tengd við búsetu, kyn, fjárhag svo eitthvað sé nefnt. Skilgreindir eru fimm þættir varðandi valdeflingu sem eru ákveðni, jákvæðni varðandi framtíð, upplifun á stjórn/stjórnleysi, ákvörðunartaka og mannréttindi.

Hugtakið empowerment sem á íslensku hefur verið þýtt sem valdefling er haft að leiðarljósi í þessari rannsókn. Þetta hugtak hefur verið mikið rannsakað í tengslum við fólk sem á við geðræn vandamál að stríða út um allan heim. Sú nálgun sem stendur á bak við hugtakið er spennandi og vildu höfundar skoða hvernig það kemur fram á þessum aldursþópi. Nú á tímum hafa sjálfræði og aldraðir verið mikið í umræðunni vegna þess að í náninni framtíð fjölga sífellt í þessum aldursþópi.

Ágrip úr B.Sc. verkefnum iðjubjálfa í sérskipulögðu námi frá Háskólanum á Akureyri 2005

Samanburðarrannsókn á matstækjunum Assessment of Motor and Process Skills (AMPS) og Modified Barthel Index (MBI)

Höfundar: Anna Ingileif Erlendsdóttir, Auður Hafsteinsdóttir og Jóhanna Rósa Kolbeins.

Leiðbeinandi: Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir.

Tilgangur rannsóknarinnar er að fá úr því skorið hvort ályktun sem dregin er af matsniðurstöðum Assessment of Motor and Process Skills (AMPS) sé samhljóma matsniðurstöðum úr Modified Barthel Index (MBI) og hvort þær gefi sambærilega mynd af færni skjólstæðinga. Vænta má að niðurstöður úr þessari rannsókn auki skilning á ólíkum matstækjum og notagildi þeirra. Einn liður í starfi iðjubjálfa er að meta færni skjólstæðinga við eigin umsjá, þjálf þá og aðlaga umhverfið að þeirra þörfum. Mat iðjubjálfa er mikilvægt innlegg í vistunarmat aldraðra, ásamt því að ákveða íhlutun og áætla þjónustubörf viðkomandi. Mikilvægt er fyrir iðjubjálfa að nota matstæki sem gefa skýra niðurstöðu og nýtast til áframhaldandi íhlutunar.

Upplýsingar koma sér ekki eingöngu vel fyrir iðjubjálfa heldur einnig aðrar fagstéttir sem koma að málefnum skjólstæðinganna. Matstækin eru ólík í uppbyggingu og hugmyndafræði. Þau taka mislangan tíma í fyrirlögn og úrvinnslu. Matstækin eru ýmist iðjumiðuð og sérhönnuð fyrir iðjubjálfa eða þverfagleg. Rannsóknin byggir á meginlegri rannsóknaraðferð og notað var hentugleikaúrtak. Úrtakið var 30 einstaklingar, 67 ára og eldri, 20 inniliggjandi á LSH og 10 heimilismenn á Droplaugarstöðum. Þeir voru valdir úr þeim hópi einstaklinga sem þurftu mat samkvæmt beiðni læknis og höfðu ekki verið greindir með elliðglöp. Við framkvæmd matsins var beitt áhorfi og fyllt út í eyðublað beggja matstækjanna. Niðurstöður verða bornar saman með tililiti til þess hvort samhljómur sé á milli matstækjanna.

Áhrif kennslu í orkusparandi aðferðum á framkvæmd athafna og mæði fólks með langvinna lungnateppu

Höfundar: Júlíana Hansdóttir og Bára Sigurðardóttir.

Leiðbeinandi: Guðrún Pálmadóttir.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi er verið að skoða tengslin milli vinnuaðferða og súrefnismettun sjúklinga með langvinna lungnateppu (LLT) og í öðru lagi að kanna árangur verklegrar kennslu á framkvæmdarfærni skjólstæðingsins við daglegar athafnir. Því er leitað svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hvaða áhrif hafa orkusparandi aðferðir á súrefnismettun í blóði?
- Hver eru áhrif kennslu í orkusparandi aðferðum á framkvæmd athafna?

Rannsóknin er meginleg hálftílaun þar sem skoðuð eru áhrif frumbreytunnar kennslu í orkusparnaði á fylgibreyturnar framkvæmd athafna og súrefnismettun. Þátttakendur eru 20 einstaklingar sem leggjast inn til lungnaendurhæfingar á Reykjalundi, eru með LLT og upplifa a.m.k. talsverða mæði við einhverjar athafnir daglegs lífs. Mæði er metin með „Mat á andnaud“ sem er íslensk þýðing á spurningarlistanum „Shortness of Breath Questionnaire (SOBQ)“ og er athöfnin sem einstaklingurinn á að framkvæma valin af þessum lista. Þátttakendur eru metnir tvisvar sinnum við að framkvæma athöfnina, fyrst án kennslu í orkusparandi vinnuaðferðum og öndunartækni og síðan eftir munnlega og verklega kennslu. Framkvæmdin er tekin upp á myndband sem síðan er greint m.t.t. beitingu orkusparandi vinnuaðferða og öndunartæki. Súrefnismettunarmæling fer fram á meðan á framkvæmd stendur.

Vegna smæðar og vals á úrtaki er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Rannsóknin ætti samt að gefa vísbendingar um árangur orkusparandi vinnuaðferða og öndunartækni í lungnaendurhæfingu á mæði og súr-

efnismettun. Greinilegur munur gæti haft hvetjandi áhrif á iðjubjálfa til að nota meira mettnarmæla við sín störf og það gæti haft jákvæð áhrif á áhuga- hvöt skjólstæðingsins til að nýta það sem hann hefur lært. Þannig geta niðurstöðurnar nýst til að bæta þjónustu iðjubjálfa. Með rannsókninni geta kennsluaðferðir iðjubjálfa orðið markvissari og skilað skjólstæðingum betri og varanlegum árangri í endurhæfingu sinni. Rannsóknir á þessu sviði stuðla því að gagnreyndri þjónustu.

Iðja kvenna í kjölfar greiningar og meðferðar á brjóstakrabbameini

Höfundar: Berglind Kristinsdóttir og Erna Magnúsdóttir.

Leiðbeinandi: Guðrún Pálmadóttir.

Markmiðið með rannsókninni er að renna styrkari stoðum undir mikilvægi iðjubjálfa- þjónustu við konur sem greinst hafa með brjóstakrabbamein. Leitast verður við að svara rannsóknarspurningunni: Hver er upplifun kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein af eigin iðju og þátttöku í samfélaginu. Þátttakendur verða 8 konur sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini fyrir a.m.k. einu ári. Konurnar skulu ekki hafa notið þjónustu iðjubjálfa. Um er að ræða eigindlega viðtalsrannsókn, þar sem stuðst verður við viðtalsramma Occupational Performance History Interview II (OPHI II) (Kielhofner o.fl.), en hann inniheldur spurningar um daglegar venjur, hlutverk, aðstæður til iðju, val athafna og iðju og afdrifaríka atburði í lífi viðmælenda. Lögð verður áhersla á að fá viðmælendur til að segja opið frá reynslu sinni og tjá eigin upplifun. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð orðrétt. Hin afrituðu viðtöl verða greind eigindlega og mynduð þemu er varða upplifun kvennanna af iðju þeirra og þátttöku núna og breytingum tengdum sjúkdómsgreiningu og meðferð. Vegna smæðar úrtaksins verður ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum rannsóknarinnar og munu niðurstöðurnar einungis eiga við þennan afmarkaða hóp. Slíkar upplýsingar eru viðbót við þá fræðilegu þekkingu sem nú er fyrir hendi en afar lítið hefur verið rannsakað

hvað þetta efni varðar. Niðurstöðurnar munu auka þekkingu innan iðjubjálfafagsins á iðjuvanda þessa skjólstæðingshóps og stuðla að betri og markvissari þjónustu fyrir konur með brjóstakrabbamein í framtíðinni.

Félagsleg þátttaka unglinga með hreyfiproskaröskun

Höfundar: Gerður Gústavsdóttir, Helga Guðjónsdóttir og Valrós Sigurbjörnsdóttir.

Leiðbeinandi: Snæfríður Þóra Egilsson.

Tilgangur rannsóknar okkar er að kanna hvernig unglingum með hreyfiproskaröskun vegnar og hver félagsleg staða þeirra er. Ennfremur að fræðast um hvaða þættir hafa mest gildi að mati unglinganna.

Í iðjubjálfun á Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (ÆSLF) er vísað börnum með ýmskonar frávik í hreyfiproska. Flest barnanna eru greind með hreyfiproskaröskun með eða án athyglisbrests og ofvirkni (Attention Deficit/Hyperactivity Disorder - ADHD). Á undanförunum árum hefur aðaláherslan verið lögð á að bæta hreyfifærni barnanna og auka þátttöku þeirra við dagleg viðfangsefni. Í starfi okkar höfum við iðjubjálfar hins vegar orðið meira varar við hversu algengt það er að félagsfærni skjólstæðinga okkar sé ábótavant.

Foreldrar hafa einnig lýst áhyggjum sínum vegna þess að börnin eigi ekki félaga og gengur illa í samskiptum við aðra. Þrátt fyrir að flestum tilfellum hafi börnunum verið vísað í iðjubjálfun vegna hreyfiferðleika þá upplifa foreldrar yfirleitt félagslegu þættina þá mikilvægustu.

Við teljum mikilvægt að fá upplýsingar um það sem skiptir skjólstæðinga okkar mestu máli til að ýta enn frekar undir skjólstæðingsmiðaða þjónustu.

Við val á þátttakendum í rannsókninni verður notað fræðilegt úrtak. Þátttakendur verða 12 unglingar á aldrinum 15–17 ára sem greindir hafa verið með hreyfiproskaröskun með eða án ADHD. Þetta verða unglingar búsettir á höfuðborgarsvæðinu sem hafa notið þjónustu iðjubjálfa hjá Æfingastöð SLF. Notuð verður eigindleg rannsóknaraðferð og viðtöl tekin við ung-

lingana. Stuðst verður við óstaðlaðan viðtalsramma þar sem áhersla verður lögð á að fá fram upplifun og reynslu unglinganna sjálfra.

Okkur er ljóst að ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem þátttakendur eru fáir. Við teljum hins vegar að rannsókn af þessu tagi veiti innsýn í stöðu mála og hafi gildi fyrir þátttakendur þar sem þeim er gefinn möguleiki á að tjá sig um það sem skiptir þá máli. Þeir geta þannig einnig haft áhrif á þjónustu iðjubjálfa þannig að betur verði komið til móts við þarfir þessa hóps. Þannig teljum við að hægt sé að nýta niðurstöður við skipulag þjónustu iðjubjálfa við markhópinn.

Matstækið Child Occupational Self Assessment (COSA)/Mat barns á eigin iðju: Frammistaða íslenskra grunnskólabarna sem njóta sérúrræða í skóla

Höfundar: Erla Björk Sveinbjörnsdóttir, Hrönn Birgisdóttir og Kristjana Ólafsdóttir

Leiðbeinandi: Margrét Ólafsdóttir.

Tilgangur rannsóknarinnar er tvíþættur. Annars vegar að afla upplýsinga um hvernig börn sem njóta sérúrræða í grunnskóla meta frammistöðu sína við eigin iðju samkvæmt Child Occupational Self Assessment (COSA) og hversu mikilvæg iðjan er þeim. Hins vegar að forprófa íslenska þýðingu rannsakenda á matstækinu COSA.

COSA er matslisti sem barnið sjálf fyllir út og lætur þannig í ljós eigin upplifun af iðju. Matslistinn samanstendur af 25 athöfnum sem börn taka sér fyrir hendur dags daglega. Þetta er fyrsta rannsóknin sem gerð er á matstækinu hér á landi.

Fimm skólar á höfuðborgarsvæðinu voru valdir með hentugleikaúrtaki en úrtak 60 nemenda á miðstigi grunnskóla, sem njóta sérúrræða skv. lögum um grunnskóla var valið af handahófi. Rannsakendur lögðu COSA fyrir 34 nemendur sem samþykktu þátttöku. Að auki skráðu rannsakendur hjá sér ýmsar athugasemdir varðandi fyrir- lagn. Megindleg aðferðarfræði var notuð við úrvinnslu gagna.

Til þess að efla skjólstæðinga í íhlutunarferlinu er mikilvægt að hafa matsæki sem miðast að skjólstæðings- og iðjumiðaðri nálgun. Hér á landi hefur skort úrval slíkra matstækja fyrir börn. Sérstaklega er átt við matstæki þar sem börnin sjálf svara spurningum um eigin iðju og eiga þannig kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Með slíkum matstækjum má tryggja að rödd barnsins fái að hljóma og íhlutun taki mið af þeim þörfum er barnið sjálft hefur sett í forgang.

COSA hefur mikið gildi fyrir fagið þar sem það miðast að skjólstæðingsmiðaðri nálgun með iðju barnsins í fyrirrúmi. Það ætti því að nýttast vel við markmiðssetningu og við að mæla árangur íhlutunar. Markmið íhlutunar ætti þannig að beinast að þeim iðjuvanda sem börnin upplifa, hvort sem hann birtist heima, í skóla eða annars staðar í samfélaginu og gefur þeim tækifæri til að verða virkari þátttakendur og jafnframt ábyrgari fyrir eigin iðju.

Hvað finnst notendum um hjólastólana sína?

Höfundar: Inga Jónsdóttir og Sigridur Pétursdóttir.

Leiðbeinandi: Atli Ágústsson.

Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um hversu ánægðir notendur handknúinna hjólastóla eru með eiginleika þeirra og þjónustu tengda þeim. Með eiginleikum er átt við öryggi, þægindi, stillimöguleika og fleira. Einnig er spurt hvað notendum finnst um t.d. viðgerða- og viðhaldsþjónustu eða upplýsingar sem veittar eru um hjólastólana.

Engar kannanir hafa verið gerðar á ánægju notenda með eiginleika hjólastóla eða þjónustu tengda þeim hér á landi. Út frá hugmyndafræði um notendamiðaða þjónustu er mikilvægt að fá álit notenda til að geta komið til móts við þarfir þeirra. Slíkar upplýsingar endurspeglar hvernig er staðið að ráðgjöf og úthlutun hjólastóla og hafa því gildi fyrir þjónustuna og samfélagið. Upplýsingarnar geta haft áhrif á stefnumótun og verið mikilvægar til réttlæta vaxandi útgjöld sem fara til hjólastóla.

Umhverfi og félagslegar aðstæður hafa áhrif á þátttöku einstaklings í daglegu lífi. Ef hindranir valda því að einstaklingur getur ekki tekið þátt í því sem er honum mikilvægt getur það haft áhrif á heilsu hans og velferð. Hjólastólar geta stuðlað að aukinni þátttöku hreyfihamlaðra í samfélaginu. Rannsóknir sýna að mikilvægt er að notendur hafi áhrif á val hjálpartækja, það hefur jákvæð áhrif á notagildi þeirra.

Úrtak rannsóknarinnar eru 129 einstaklingar á aldrinum 18-65 ára sem fengu úthlutað handknúnum hjólastólum frá Tryggingastofnun ríkisins árið 2003. Allir fengu sent kynningarbréf ásamt spurningalista um ánægju með eiginleika hjólastólanna og þjónustu tengda þeim (matstækið Quest 2.0) auk bakgrunnsspurninga. Beitt er lýsandi meginlegri rannsóknaraðferð. Gögn eru skráð og unnin í tölvuhugbúnaðinum Statistical Package for the Social Sciences (SPSS).

Niðurstöður byggjast á því að fá fram hversu ánægðir eða óánægðir þátttakendur eru með hjólastólana sína. Enn fremur að skoða tengsl lýðfræðilegra þátta, upplýsingar um notkun og ánægju notenda. Niðurstöður verða settar fram í töflum, sulum og umræðum m.a. um hvort niðurstöður eru svipaðar hér og í nágrannalöndunum.

Svarhlutfall er 44% og eru konur duglegri að svara en karlar. Vinnsla gagna er aðeins stutt á veg komin. Í niðurstöðum má þó lesa að flestir nota hjólastólinn daglega eða 81 % og 84 % telja hann mjög mikilvægan. Alls 75 % þátttakenda voru hafðir með í ráðum við val á hjólastól. Mest ánægja er með gagnsemi hjólastóls af þeim eiginleikum sem spurt var um og minnst ánægja með afhendingaþjónustu.

Breytir íhlutun iðjubjálfa færni við iðju hjá eldri borgurum sem búa heima?

Höfundar: Guðbjörg Dóra Tryggvadóttir, Guðrún K. Hafsteinsdóttir og Oddrún Lilja Birgisdóttir

Leiðbeinandi: Guðrún Kr. Guðfinsdóttir.

Faglegur leiðbeinandi: Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir

Markmiðið með þessari rannsókn er að skoða hvort íhlutun iðjubjálfa breyti færni við iðju hjá eldri borgurum sem búa heima. Iðjubjálfar skilgreina iðju sem allar athafnir daglegs lífs. Áhersla verður lögð á hvort íhlutunin hafi skilað sér. Hefur íhlutunin stuðlað að breyttri færni við daglegar athafnir hjá þátttakendum?

Þátttakendur í rannsókninni eru 67 ára og eldri sem búa heima og heilbrigðisstarfsfólk hefur vísað til iðjubjálfa heilsugæslunnar vegna færniskerðingar. Í rannsókninni er notuð meginleg aðferðafræði. Rannsakendur taka viðtöl á heimili þátttakenda með því að nota matstækið Mæling á færni við iðju (Canadian Occupational Performance Measure). Út frá niðurstöðum úr matstækinu verður veitt íhlutun og ráðgjöf, síðan er endurmetið með sama matstæki. Þetta er matstæki sem mælir færni við iðju og greinir iðjuvanda. Þátttakendur forgangsraða þeim þáttum sem þeir telja mikilvægasta að takast á við og velja síðan leiðir í samvinnu við iðjubjálfa til að bæta færni við iðju. Það sem verður skoðað með þessu er hvort íhlutun iðjubjálfa er að bera árangur hjá þessum hópi. Þetta er gert m.a. til að geta þróað áfram störf iðjubjálfa í heilsugæslunni og þar með í heilsumvernd aldraðra. Með hækkandi aldri þjóðarinnar er mikilvægt að kanna hvort íhlutun iðjubjálfa geti átt þátt í að lengja þann tíma sem eldri borgarar geta búið heima og þar með seinkað þörf þeirra fyrir hjúkrunarheimili. Vísindalegt gildi rannsóknarinnar gæti verið ef íhlutun iðjubjálfa ber árangur þannig að eldri borgarar bæti færni sína. Það er ávinningur fyrir þjóðfélagið að eldri borgarar auki færni, sjálfbjargargetu og lífsgæði.

Grund
Dvalar- og
hjúkrunarheimilið

Mini Grosser




LIFESTAND



premis

 handicare




 handicare





Við leggjum þér lið



Úrval af hjálpartækjum og heilbrigðisvörum



Þríhjól, rampar, hjólastólar, sessur, rafskutlur, barnakerrur.

Persónuleg þjónusta og fagleg ráðgjöf.
Ópið 9-18 alla virka daga.

Eirberg 

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • eirberg@eirberg.is • www.eirberg.is



JAZZ EASY5

Guldmann



etac

ORTOPEDIA

panthera

MEYRA